




Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2016



Desember 2017

Myndir á forsiðu

- 1.1 Húsavíkurhöfðagöng 10. mars 2016.
- 1.2 Hringvegur (1) á Öxnadalshéiði 29. janúar 2016.
- 2.1 Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Vík, steypuvinna við Morsá 16. júní 2016.
- 2.2 Dýpkunarskipið Galilei 2000 dælir fyllingarefni á land á Siglufirði 19. ágúst 2016.

Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2016

4. ársskýrsla Vegagerðarinnar fyrir árið 2016

Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013.

Í lögum nr. 120 frá 2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.“

Útgefandi:

Vegagerðin
Borgartúni 7
105 Reykjavík
kt. 680269-2899

Desember 2017

Ritstjóri: Óskar Örn Jónsson

Ábyrgðarmaður: Hreinn Haraldsson

Uppsetning og aðstoð: Viktor Arnar Ingólfsson

Ljósmyndir: Starfsmenn eða verktakar Vegagerðarinnar nema annað sé tiltekið.

Prentun: Oddi



FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Reykjavík, desember 2017

Efnisyfirlit

Kaflanúmer vísa í samsvarandi liði í eldri skýrslum Vegagerðarinnar um framkvæmd samgönguáætlunar og töflu 4 á bls. 8-9.

Kaflar	bls.
Formáli vegamálastjóra	3
4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar	4
4.1 Fjármál	4
I Áætlun um fjárfloðum	4
4.1.1 Tekjur og framlög	6
Bifreiðaeign	6
Bensíngjald	6
Kílómetragjald	7
Olíugjald	7
Vítugjald	7
Ríkisframlag	7
Framlög til jarðganga	7
Sértekjur	7
4.1.2 Viðskiptahreyfingar	8
Skipting útgjalda	8
Framlag borið saman við fyrri ár	8
Verðlagsforsendur og afkoma 2016 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála	8
4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar	11
Starfsmannahald	12
Yfirstjórn	12
Vaktstöð siglinga	12
Vítar, upplýsinga- og leiðsögukerfi	12
Rannsóknir, líkantilraunir og grunnkort	13
Upplýsingaþjónusta	14
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	14
4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald	15
4.1.4.1 Þjónusta	15
Viðhald vegmerkinga	15
Samningar við sveitarfélög	15
Viðhaldssvæði	15
Vetrarviðhald	17
4.1.4.2 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	19
Ferjur	19
Sérleyfi á landi	19
4.1.4.3 Styrkir til almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu	19
4.1.4.4 Styrkir til innanlandsflugs	20
4.1.4.5 Rannsóknir	20
4.1.4.6 Viðhald	22
Efnisvinnsla	25
Viðhald bundinna slitlaga	25
Viðhald malarvega	25
Styrkingar og endurbætur	25
Brýr og varnargarðar	27
Umferðaröryggi	27
Veggöng	27
Vatnaskemmdir og ófyrirséð	27
Skaftárhlaup	27
Viðhald girðinga	27
Frágangur gamalla efnisnáma	27
Minjar og saga	27

Kaflar, framhald	bls.
4.1.5 Stofnkostnaður	28
Bráðabirgðalán	28
Fjárveitingar til stofnkostnaðar	28
Stofnkostnaður / framkvæmdir	28
Girðingar	28
Landsvegir utan stofnvegakerfis	28
Héraðsvegir	29
Styrkvegir	29
Reiðvegir	29
Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður	30
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2015	31
Suðursvæði	31
Vestursvæði	42
Norðursvæði	48
Austursvæði	53
Sameiginleg verkefni	58
Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2016	59
Hafnarframkvæmdir	59
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	59
Ferjubryggjur	63
Sjóvarnargarðar	63
Fylgiskjal 4 Vestmannaeyjaferja	65
Fylgiskjal 5 Umhverfismál	65
Fylgiskjal 6 Ársreikningur 2016	66
Staðfesting ársreiknings	66
Áritun endurskoðenda	67
Skýringar	69
Töflur	bls.
Tafla 1 Tekjur og framlög (4.1.1.)	4-5
Tafla 2 Bifreiðaeign	6
Tafla 3 Bensín	6
Tafla 4 Skipting útgjalda	8-9
Tafla 5 Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar	11
Tafla 6 Skipting kostnaðar við almenna þjónustu	16
Tafla 7 Skipting kostnaðar við vetrarviðhald	17
Tafla 8 Kostnaður við vetrarviðhald á nokkrum vegarköflum	18
Tafla 9 Kostnaður við ferjur	19
Tafla 10 Rannsóknarverkefni	21
Tafla 11 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi	22
Tafla 12 Lengd vega með bundnu slitlagi	22
Tafla 13 Hlutfall vega með bundnu slitlagi	22
Tafla 14 Skipting viðhaldskostnaðar	23
Tafla 15 Viðhald bundinna slitlaga	25
Tafla 16 Viðhald malarvega	25
Tafla 17 Vinnsla efnis	25
Tafla 18 Styrkingar	25
Tafla 19 Landsvegir utan stofnvegakerfis	28

Töflur, framhald	bls.
Tafla 20 Héraðsvegir	28
Tafla 21 Styrkvegir	28
Tafla 22 Girðingar	28
Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði	40
Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Vestursvæði	47
Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði	52
Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði	57
Tafla I. Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir	59
Tafla II. Kostnaður við hafnarframkvæmdir	61
Tafla III. Kostnaður við sjóvarnir	64
Tafla, Rekstrarreikningur árið 2016	66
Tafla, Efnahagsreikningur 31. desember 2016	68
Tafla, Sjóðstreymi árið 2016	69
Töflur, skýringar ársreiknings 1-8	70-72

Súlurit	bls.
Súlurit 1 Framlag til Vegagerðarinnar	10
Súlurit 2 Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	10
Súlurit 3 Fjárheimildir til almennrar þjónustu	15
Súlurit 4 Kostnaður við almenna þjónustu	16
Súlurit 5 Fjárheimildir til vetrarviðhalds	17
Súlurit 6 Kostnaður við vetrarviðhald	17
Súlurit 7 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári	23
Súlurit 8 Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega	24
Súlurit 9 Kostnaður við viðhald þjóðvega	24
Súlurit 10 Fjárveitingar til stofnkostnaðar	29
Línurit	bls.
Línurit 1 Þróun aksturs á stofn-, tengi- og landsvegum frá árinu 1995	23

Formáli vegamálastjóra

Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2016 voru um 27 milljarðar, sem er um 2 milljörðum hærri upphæð en 2015. Viðbótin og ríflega það kom öll af fjárukalögum en ekki fjárlögum. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda voru um 1,4 milljarðar og hækkuðu um rúmar 500 m.kr. frá árinu áður. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru framlögin um 1,1 %, sem er svipað og árið 2015. Eins og undanfarin ár hafa framlög til viðhalds og þjónustu verið allt of lág til að halda ástandi vegakerfisins í horfinu, og áfram hefur þurft að fresta framkvæmdum við fjölda verkefna sem komin voru á áætlun. Með fjárveitingu á fjárukalögum í árslok tókst þó að losna við halla á vetrarþjónustunni sem hafði safnast upp í nokkur ár þegar kostnaður við snjósmokstur og hálkuvarnir í nokkuð erfiðum vetrum var mun meiri en fjárveiting til þjónustunnar.

Engum stórum verkefnum var lokið á árinu. Hluti nýs Arnarnesvegjar var tekinn formlega í notkun í nóvember og lokið var við byggingu nýrrar brúar á Morsá, þótt hún væri ekki tengd við vegakerfið fyrir síðar. Forval fyrir Dýrafjarðargöng fór fram á árinu og framkvæmdir við gerð jarðganga í Húsa-víkurborgarvegum vegna uppbyggingar iðnaðarsvæðisins við Bakka hófust í mars. Stærsta verkið sem unnið var að á árinu eru Norðfjarðargöng, en einnig má nefna framkvæmdir við ýmsa vegi eins og Dettifossveg, Kjósarskarðsveg, Kaldadalsveg, Uxahryggjaveg og ýmsa aðra stofn- og tengivegi víðs vegar um land.

Enn hefur umferðin haldið áfram að aukast, sem bæði kemur niður á umferðaröryggi og ástandi veganna. Aukningin á akstri á Hringvegnum var t.d. um 13% frá árinu áður, sem er algjört met frá upphafi mælinga. Á höfuðborgarsvæðinu var aukningin rúm 7% á árinu. Skýra má þennan vöxt með mikilli fjölgun ferðamanna og auknum hagvexti og umsvifum í samfélaginu. Neikvæðar afleiðingar koma m.a. fram í umferðaröryggi, en 18 banaslys urðu á árinu miðað við 16 árið áður sem taldist þó slæmt ár. Einnig varð aukning í fjölda alvarlega slasaðra í umferðarslysum.

Á árinu var unnið að endurskoðun á fjögurra ára samgöngu-áætlun og ný áætlun 2015 – 2018 samþykkt á Alþingi í október 2016. Þar var reiknað með mjög auknum framlögum til nýframkvæmda og viðhalds og kynnt björt framtíðarsýn, a.m.k. til næstu ára. Sú sýn varð síðan að engu í árslok með samþykkt

5 ára fjármálaáætlunar og fjárlaga 2017, þar sem áfram var miðað við svipaðar fjárveitingar og árið 2016. Vonandi verða þau áform þó endurskoðuð þannig að unnt verði á næstu árum að halda áfram af krafti uppbyggingu samgöngukerfisins, vega og hafna, auk þess að tryggja fjármagn til nauðsynlegs viðhalds allra mannvirkja.

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ afhjúpa skilti sem vísar á hjólaleið á höfuðborgarsvæðinu 20. september 2016.

Tafla 1 Tekjur og framlög (4.1.1.)

	Fjár- lög m.kr.	Fjár- auka- lög I m.kr.	Fjár- auka- lög II m.kr.	Samtals fjár- veitingar m.kr.	Raun- tekjur m.kr.
06-651 Vegagerðin					
1.1 Markaðar tekjur					
1. Bensíngjald	7.800		-300	7.500	7.503
2. Þungaskattur, km-gjald	820		70	890	987
3. Olíugjald	8.700		600	9.300	9.226
6. Vitagjald	285			285	321
Markaðar tekjur alls	17.605	0	370	17.975	18.037
1.2 Ríkisframlag					
Framlag til innanlandsflugs	306			306	306
Framlag til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu	988			988	988
Framlag til vitabygginga	29			29	29
Framlag til sjóvarnargarða	146	52	34	232	232
Framlag til nýsmíðar Vestmannaeyjaferju	0	40	500	540	540
1.3 Jarðgangaframlag					
Framlag til Norðfjarðarganga	3.000			3.000	3.000
Framlag til Bakkaganga	1.490			1.490	1.490
Framlag til Seyðisfjarðarganga (Fjarðarheiðarganga)				0	0
1.4 Önnur framlög					
Framlag vegna Skaftárhlaups, Eldvatn			300	300	300
Framlag til liða sem tilheyra 06-662 Hafnarframkv. ¹⁾			231	231	231
Framlag vegna vegna vatnaskemmda o.fl.		223		223	223
Framlag úr ríkissjóði alls	5.959	315	1.065	7.339	7.339

¹⁾ Á framkvæmdir undir lið 06-651 Vegagerðin voru settar fjárveitingar, sem tilheyra lið 06-662 Hafnarframkvæmdir: 106 m.kr. vegna hafnabótasjóðs, 90 m.kr. vegna stálþíls á Siglufirði og 34,5 m.kr. vegna dýpkunar á Siglufirði.

4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmdir árið 2016 byggist á fjárlögum fyrir árið 2016, ásamt þeim breytingum sem gerðar

voru með fjárukalögum, auk tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015-2018.

4.1 Fjármál

I Áætlun um fjáröflun

Samkvæmt fjárlögum 2016 átti innheimta markaðra tekna að skila 17.605 m.kr. Hins vegar áttu 17.752,4 m.kr. að renna til Vegagerðarinnar þannig að skuld vegasjóðs við ríkissjóð átti að aukast um 147,4 m.kr. Á fjárukalögum II var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur hækkuðu um 370 m.kr. en að ráðstafað yrði 1.437 m.kr. þannig að skuldin átti enn að aukast um 1.067 m.kr. eða samtals um 1.289 m.kr. Rauninnheimta stóðst í heildina að mestu leyti.

Eins og áður hefur verið greint frá er ástæðan fyrir þessari skuld sú að gjaldskrár markaðra tekjustofna Vegagerðarinnar hafa í mörg ár ekki verið hækkaðar í takt við verðlag. Tekjustofnarnir væru að skila um 27 milljörðum króna árlega ef gjaldskrárnar

hefðu verið hækkaðar í stað þeirra 17-18 milljarða sem inn koma. Mismunurinn er 9-10 milljarðar á ári.

Bein framlög úr ríkissjóði á árinu 2016 til Vegagerðarinnar voru samkvæmt fjárlögum eftirfarandi: Framlag til innanlandsflugs 306 m.kr., framlag til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu 988 m.kr., framlag til vitabygginga 29 m.kr., framlag til sjóvarnargarða 146 m.kr., framlag til Norðfjarðarganga 3.000 m.kr. og framlag til jarðgangagerðar við Bakka 1.490 m.kr. Á fjárukalögum I og II bættust við 86 m.kr. vegna sjóvarnargarða, 540 m.kr. vegna smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju, 300 m.kr. til nýrrar brúar á Eldvatn, sem skemmdist í Skaftárhlaupi og 223 m.kr. vegna annarra vatnaskemmda. Einnig

Tafla 1 Tekjur og framlög (4.1.1.) framhald

	Fjár- lög m.kr.	Fjár- auka- lög I m.kr.	Fjár- auka- lög II m.kr.	Samtals fjár- veitingar m.kr.	Raun- tekjur m.kr.
06-651 Vegagerðin, framhald					
1.5 Sértekjur					
Sértekjur rekstrardeilda (1.07)	180			180	180
Sértekjur rekstrar Landeyjahafnar (1.41)	10			10	10
Sértekjur siglingasviðs (1.01)	205			205	205
Sértekjur alls	395			395	395
Tekjur og framlög alls	23.959	315	1.435	25.709	25.771
4.1.2 Viðskiptahreyfingar					
1. Afskriftir markaðra tekna	75			75	75
2. Fyrirframráðstöfun markaðra tekna	147		1.067	1.214	1.214
Viðskiptahreyfingar alls	222	0	1.067	1.289	1.289
Samtals 06-651 Vegagerðin	24.181	315	2.502	26.998	27.060
06-662 Hafnarframkvæmdir					
1.2 Ríkisframlag					
Framlag til almenns rekstrar	13			13	13
Framlag til Hafnabótasjóðs	612	38	11	661	661
Framlag til Landeyjahafnar	384			384	384
Framlag til Húsavíkurhafnar	233		89	322	322
Framlag til ferjubryggja	3			3	3
Framlag til liða sem tilheyra 06-651 Vegagerðinni ²⁾	0	4		4	4
Samtals 06-662 Hafnarframkvæmdir	1.245	42	100	1.387	1.387

²⁾ Á hafnabótasjóð undir lið 06-662 Hafnarframkvæmdir var sett fjárveiting vegna sjóvarna á Höfn í Hornafirði 3,9 m.kr. en sjóvarnir tilheyra lið 06-651 Vegagerðin.

voru þá ranglega settar á lið 06-651 Vegagerðin fjárveitingar, sem áttu að fara á lið 06-662 Hafnarframkvæmdir, alls 231 m.kr. Vegagerðin greiddi þá upphæð til Hafnarframkvæmda.

Bein framlög úr ríkissjóði á árinu 2016 til Hafnarframkvæmda voru samkvæmt fjárlögum eftirfarandi: Til almenns rekstrar 13 m.kr., til Hafnabótasjóðs 612 m.kr., til Landeyjahafnar 384 m.kr., til Húsavíkurhafnar 233 m.kr. og til ferjubryggja 3 m.kr. Á fjárukalögum I og II var ríkisframlag til Hafnabótasjóðs hækkað um 49 m.kr. og framlag kom til Húsavíkurhafnar um 89 m.kr. Einnig voru ranglega settar á lið 06-662 Hafnarframkvæmdir 4 m.kr. sem áttu að fara á lið 06-651 Vegagerðin. Hafnarframkvæmdir greiddu þá upphæð til Vegagerðarinnar.



Austurleið (910) á Fljótsdalsheiði vatnaskemmdir, 30. maí 2016.

4.1.1 Tekjur og framlög

Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu voru nýskráðar fólksbifreiðir 18.442 á árinu 2016. Á árinu 2015 voru nýskráðar fólksbifreiðir 14.004 þannig að nýskráningum fjölgaði um 31,7% milli ára. Nýskráðar hópferðabifreiðir voru 235 á árinu 2016 á móti 110 árið áður og nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.931 á móti 1.491 árið áður. Nýskráð voru 129 mótórhjól, en þau voru 89 árið áður.

Bifreiðaeign landsmanna er farin að aukast á ný. Í lok árs 2016 voru 278.924 bifreiðir á skrá, sem var um 6,5% fjölgun frá árinu áður. Enn vantar nokkuð upp á að endurnýjun bifreiðaflotans sé orðin eðlileg.

Bensíngjald

Bensínsala árið 2016 nam 181,7 milljónum lítra og er það aukning um 1 milljón lítra frá árinu á undan. Samkvæmt tölum frá Fjársýslunni voru innheimtar markaðar tekjur af bensíngjaldi 7.503 m.kr. eða 219 m.kr. meiri en árið áður. Díselbifreiðum fjölgar mun meir en bensínbifreiðum svo og bifreiðum, sem nota aðra orkugjafa, en þess má geta að bifreiðir, sem nota aðra orkugjafa en bensín eða díselolíu eru langflestar undanþegnar því að greiða fyrir afnot af vegakerfinu, með tímabundnum undanþágum í lögum. Bensíngjald var óbreytt allt árið, 41,3 kr./l eftir hækkun 1. janúar 2016. Töluvert vantar upp á að bensíngjald hafi haldið verðgildi sínu undanfarin ár. Í ársbyrjun

Tafla 2 Bifreiðaeign.

	Bifreiðaeign 31.12.2014	Nettó aukning í %	Bifreiðaeign 31.12.2015	Nettó aukning í %	Bifreiðaeign 31.12.2016
Fólksbifreiðir	217.454	4,08%	226.321	6,26%	240.490
Hópferðabifreiðir	2.300	7,09%	2.463	16,20%	2.862
Vöru- og sendibifreiðir	31.364	5,29%	33.023	7,72%	35.572
Samtals:	251.118	4,26%	261.807	6,54%	278.924

Tafla 3 Bensín.

Bensínsala Ár	m.l	Bensín- bifreiðir fjöldi	Meðal- eyðsla lítrar á bifreið	Verð á lítra 31.12.		Bensíngjald blýlaust
				95 oct.	98 oct.	
2006	210,5	177.156	1.207	117,7	119,3	32,95
2007	219,1	181.938	1.220	137,9	140,5	32,95
2008	207,4	180.977	1.143	146,4	168,0	32,95
2009	208,5	176.040	1.168	194,8	194,8	37,07
2010	196,2	174.692	1.119	215,7	219,7	37,07
2011	185,0	173.604	1.062	238,4	242,4	38,55
2012	189,3	173.137	1.092	252,8	256,8	39,51
2013	182,1	172.186	1.055	247,7	299,4	39,51
2014	178,1	171.015	1.038	212,9	277,9	40,50
2015	180,7	171.915	1.051	198,7	245,4	40,30
2016	181,7	175.063	1.038	201,5	248,2	41,30

kostaði lítrinn af 95 oct. bensíni 198,70 krónur en var í árslok kominn í 201,50 krónur.



Olíubíll á ferð í Skagafirði 30. október 2016.



Húsavíkurhöfðagöng. Slegið í gegn 24. ágúst 2016.

Kílómetragjald

Á árinu voru innheimtar tekjur af kílómetragjaldi 987 m.kr. en tekjuspá fjárlaga hafði gert ráð fyrir 820 m.kr. Kílómetragjald er lagt á akstur bifreiða, sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga og einnig á festi- og tengivagna. Á árinu 2015 var gjald fyrir bíl í léttasta flokki, þ.e. 10-11 tonn 0,29 kr./km. Gjaldið fer stig hækkandi og var hæsta gjald 13,25 kr./km í flokki bifreiða, sem eru 31 tonn og yfir að leyfðum heildarþunga. Gjaldskrá kílómetragjalds var hækkuð frá 1. janúar 2016.

Oliugjald

Innheimta tekna af oliugjaldi var 9.226 m.kr. á árinu 2016 sem er 526 m.kr. meira en gert var ráð fyrir í tekjuspá fjárlaga. Út frá innheimtutölum má reikna með að salan hafi numið 160,7 milljónum lítra. Oliugjaldið var óbreytt allt árið eða 57,40 kr./l eftir að það hafði verið hækkuð þann 1. janúar 2016. Töluvert vantar á að oliugjald hafi haldið verðgildi sínu frá því það var innleitt í stað þungaskatts 1. júlí 2005.

Vitagjald

Vitagjald varð frá 1. júlí 2013 einn af mörkuðum stofnum sameinaðrar Vegagerðar. Vitagjald skal greiða af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu og skal það standa undir rekstri og framkvæmdum Vegagerðarinnar samkvæmt lögum um vitamál. Gjaldið er miðað við brúttótonnatölu skipa og er 136,62 kr. af hverju brúttótonni. Gjaldið var síðast hækkuð 1. janúar 2012. Tekjur af vitagjaldi voru 321 m.kr. á árinu 2016, heldur meiri en tekjuspá hafði gert ráð fyrir.

Ríkisframlag


Ríkisframlag til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu var 988 m.kr. og vegna styrkja til innanlandsflugs 306 m.kr. Framlag til vitabygginga var 29 m.kr. og til sjóvarnargarða 232 m.kr. Ríkisframlag vegna nýsmíðar Vestmannaeyjafjareru var 540 m.kr. Sérstakt framlag vegna nýrrar brúar á Eldvatn, sem skemmdist í Skaftárhlaupi, var 300 m.kr. og sérstakt framlag vegna annarra vatnaskemmda var 223 m.kr. Ríkisframlag til Vegagerðarinnar vegna annarra liða en jarðganga var því 2.618 m.kr. Hafnarframkvæmdir eru alfarið fjármagnaðar með ríkisframlagi. Framlag til þeirra á árinu 2016 var 1.383 m.kr. Framlag sem merkt var Vegagerðinni á fjárukalögum II en átti að tilheyrja Hafnarframkvæmdum nam 231 m.kr. og á í raun að bætast þar við. Einnig voru 4 m.kr. settar á Hafnarframkvæmdir í fjárukalögum I sem tilheyrja áttu Vegagerðinni.

Framlög til jarðganga

Ríkisframlag til Norðfjarðarganga var 3.000 m.kr. og jarðgöng vegna iðjuframkvæmda á Bakka fengu á fjárlögum 1.490 m.kr.

Sértekjur

Þegar fjárlagaliður 1.05 „Umdæmi og rekstrardeildir“ var sameinaður lið 1.07 „Þjónusta“ voru áætlaðar sértekjur 180 m.kr. settar inn í fjárlög á þjónustuliðinn. Sá hluti Siglingastofnunar, sem sameinaðist Vegagerðinni, er að töluverðum hluta fjármagnaður af sértekjum og voru þær áætlaðar 204 m.kr. fyrir árið 2016. Rekstur Landeyjahafnar er sömuleiðis fjármagnaður af sértekjum sem voru áætlaðar 10 m.kr. fyrir árið 2016



Svalvogaviti milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, 20. júlí 2016.

4.1.2 Viðskiptahreyfingar

Á árinu var gert ráð fyrir 75 m.kr. gjaldaheimild vegna afskrifta af álögðum mörkuðum tekjum. Samkvæmt fjárlögum var áætluð innheimta markaðra tekna 147,4 m.kr. lægri en ráðstöfun og því átti svokölluð fyrirframráðstöfun markaðra tekna að hækka um þá upphæð. Með fjárukaalögum hækkaði áætluð fyrirframráðstöfun um 1.067 m.kr. eða samtals í 1.214,4 m.kr.

Vegasjóður skuldar nú ríkissjóði 19,8 milljarða króna. Ástæða þessarar skuldar er að gjaldskrár markaðra tekjustofna hafa ekki verið hækkaðar í takt við verðlag frá árinu 2008. Fyrir þann tíma átti Vegasjóður yfirleitt inneign í ríkissjóði.

Skipting útgjalda

Í töflu 4 er sýnd skipting fjárveitinga til liðar 06-651 Vegagerðarinnar á árinu 2016. Vegáætlun fyrir árið 2016 var samþykkt (2015-2018 samþykkt 12. október 2016) en var ekki alveg í samræmi við fjárlög. Útgjaldatala fjárlaga var 23.786,9 m.kr. á meðan Vegáætlun var með 24.339 m.kr. Á fjárukaalögum I bættust alls við 314,6 m.kr. og á fjárukaalögum II bættust 2.501,7 m.kr. við þannig að heildar útgjaldatalan fyrir árið 2016 var 26.603,2 m.kr.

Tafla 4 Skipting útgjalda.

Fjárhæðir eru í m.kr.	Fjár- lög 2016	Fjár- aukalög I 2016	Fjár- aukalög II 2016	Fjár- veitingar 2016
4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar				
1.01 Almennur rekstur	634,4	0	0	634,4
Yfirstjórn, skrifstofuhald o.fl.	148,3			
Viðhald vita og leiðsögukerfa	200,0			
Vaktstöð siglinga	286,1			
1.02 Umsýslugjald	81,0	0,0	0,0	81,0
4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald				
1.07 Þjónusta	4.240,3	0,0	1.437,2	5.677,5
Viðhald vegmerkinga	1.134,0			
Samningar við sveitarfélög	90,0			
Viðhaldssvæði	596,0			
Vetrarviðhald	2.420,3			
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.520,8	0,0	0,0	1.520,8
1.12 Styrkir til almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu	988,4	0,0	0,0	988,4
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	306,4	0,0	0,0	306,4
1.21 Rannsóknir	141,9	0,0	0,0	141,9
1.21 Rannsóknir - jarðgangarannsóknir Fjarðarheiði	80,0	0,0	0,0	80,0
1.21 Rannsóknir - Grynslin við Höfn	5,0	0,0	0,0	5,0
1.41 Rekstur Landeyjahafnar	0,0	0,0	0,0	0,0
5.10 Viðhald	5.850,0	223,0	0,0	6.073,0
Viðhald bundinna slitlaga	2.900,0			
Viðhald malarvega	900,0			
Styrkingar og endurbætur	800,0			
Veggöng	130,0			
Brýr og varnargarðar	450,0			
Umferðaröryggi	385,0			
Vatnaskemmdir	170,0			
Viðhald girðinga	80,0			
Frágangur gamalla efnisnáma	30,0			
Minjar og saga	5,0			

Framlag borið saman við fyrri ár

Í súluriti 1 á bls. 10 koma fram framlög til Vegagerðarinnar í m.kr. árin 2005-2016 á verðlagi ársins 2016 og í súluriti 2 má sjá framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframléiðslu á árunum 2005-2016.

Verðlagsforsendur og afkoma 2016 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála

Hækkun byggingarvísitölu milli áruna 2015 og 2016 var 4,1%. Sala á bensíni er nokkuð stöðug en sala á díselolíu hefur aukist. Gjaldskrár markaðra tekjustofna hafa ekki haldið verðgildi sínu undanfarin ár. Afleiðingin er skert innkoma og minnkandi kaupmáttur tekna af mörkuðum tekjustofnum. Bein ríkisframlög hafa aukist. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar á árinu 2016 voru 26.603 m.kr. án sértekna en voru 24.661 m.kr. á árinu 2015. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar eru enn í mikilli lægð. Fjárveitingar til Hafnarframkvæmda voru 1.387 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 838 m.kr. á árinu 2015.




Ný Vestmannaeyjaferja, tölvumynd. Tilkynt var um útboð á smíði hennar í júní 2016. Sjá fylgiskjal 4 á bls. 65.

Tafla 4 Skipting útgjalda, framhald.


Fjárhæðir eru í m.kr.	Fjár- lög 2016	Fjár- aukalög I 2016	Fjár- aukalög II 2016	Fjár- veitingar 2016
4.1.5 Stofnkostnaður				
6.10 Framkvæmdir				
Stofn- og tengivegakerfi	9.279,0	0,0	300,0	9.579,0
Almenn verkefni	3.391,0			
Tengivegir - bundið slitlag	918,0			
Breikkun brúa	100,0			
Hjóla- og göngustígar	200,0			
Jarðgöng	3.180,0			
Iðjuvegir, Bakki	1.490,0			
Annað en stofn- og tengivegir	410,0	0,0	0,0	410,0
Héraðsvegir	70,0			
Landsvegir utan stofnvegakerfis	120,0			
Styrkvegir	50,0			
Reiðvegir	60,0			
Smábrýr	40,0			
Girðingar	50,0			
Samgöngurannsóknir	20,0			
6.60 Vitabyggingar	28,5	0,0		28,5
6.70 Hafnarframkvæmdir (fjárlagaliður 06-662)	0,0	-3,9	230,5	226,6
6.80 Sjóvarnargarðar	146,2	55,5	34,0	235,7
6.81 Vestmannaeyjaferja	0,0	40,0	500,0	540,0
Afskriftir markaðra tekna	75,0	0,0		75,0
Samtals:	23.786,9	314,6	2.501,7	26.603,2

Innheimtukostnaður markaðra tekna

Vegagerðin greiðir innheimtukostnað vegna markaðra tekna til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst hann til útgjalda hjá stofnuninni. Innheimtukostnaður markaðra tekna samkvæmt fjárlögum 2016 var 81 m.kr.



Súlu rit 1
Framlag til
Vegagerðarinnar
á verðlagi ársins 2016.



Súlu rit 2
Framlag til
Vegagerðarinnar
sem hlutfall af vergri
landsframleiðslu.

Verg landsframleiðsla
hefur verið leiðrétt
miðað við innleiðslu
Hagstofunnar á ESA2010
staðli í september 2014.



Jarðgöng undir
Húsavíkurhöfða,
fyrsta sprenging undirbúin
10. mars 2016.

4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar

Útgjöld til almenns rekstrar í fjárlögum 2016 voru 839,2 m.kr. Sértekjur voru 204,8 m.kr. þannig að fjárveitingin var 634,4 m.kr. Þessi liður borgar fyrir viðhald vita 200,0 m.kr. og fyrir samning um vaktstöð siglinga 286,1 m.kr. þannig að einungis 148,3 m.kr. fara í eiginlegan rekstur stofnunarinnar. Starfsemi, sem fellur undir þennan lið fyrir utan viðhald vita og samning um vaktstöð siglinga er yfirstjórn Vegagerðarinnar, fjármálasvið,

mannvirkjasvið, siglingasvið, stoðsvið og þróunarsvið. Þessi liður hefur verið skorinn mikið niður undanfarnin ár, meira en góðu hófi gegnir.


Til rekstrar hjá Vegagerðinni telst einnig fjárlagaliðurinn: innheimtukostnaður vegna markaðra tekna, sem greiddur er til ríkissjóðs og er hann tekinn af mörkuðum tekjum. Samkvæmt fjárlögum 2016 er þessi kostnaður 81 m.kr.

Tafla 5
Fjöldi fastra
starfsmanna
Vegagerðarinnar.

	Reykjavík	Suður-svæði	Vestur-svæði	Norður-svæði	Austur-svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga	3	0	1	3	0	7
Félag íslenskra félagsvísindamanna	1	0	0	0	0	1
Fræðagarður	6	0	1	2	0	9
Kjarafélag tæknifræðinga	16	2	6	7	1	32
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	8	0	1	1	2	12
Kjararáð	1	0	0	0	0	1
Rafiðnaðarsamband Íslands	3	0	0	0	0	3
Samiðn	2	3	3	1	1	10
SFR stéttarfélag almannaþjónustu	26	10	12	10	4	62
Starfsgreinasamband Íslands	0	11	19	21	7	58
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga	1	0	0	0	0	1
Stéttarfélag lögfræðinga	3	0	0	0	0	3
Stéttarfélag verkfræðinga	28	3	3	2	1	37
Stéttarfélag tölvunarfræðinga	6	0	0	0	0	6
Verkstjórasamband Íslands	1	12	20	14	7	54
Fastir starfsmenn 1. janúar 2017	105	41	66	61	23	296
Fastir starfsmenn 1. janúar 2016						297
Fastir starfsmenn 1. janúar 2015						288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2014						293
Fastir starfsmenn 1. janúar 2013						281
Fastir starfsmenn 1. janúar 2012						288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2011						292
Fastir starfsmenn 1. janúar 2010						302
Fastir starfsmenn 1. janúar 2009						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2008						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2007						320
Fastir starfsmenn 1. janúar 2006						328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2005						327

Starfsfólk
Vegagerðarinnar
á Akureyri
í hópefli
á óvissudegi
3. júní 2016.





Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 296 í lok árs 2016 í 287,6 stöðugildum en voru 297 í árslok 2015. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2016 var 311,5 og 286 árið 2015. Heildarvinnuframlag á árinu 2016 reiknað í dagvinnustundum nam 360 mannaárum og hafði hækkað úr 335 frá árinu 2015. Launagreiðslur voru 2.568 m.kr. á árinu 2016 og launatengd gjöld 594 m.kr.

Tafla 5 á bls. 11 sýnir fjölda fastra starfsmanna Vegagerðarinnar

Yfirstjórn

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið; yfirstjórn Vegagerðarinnar og fimm svið stofnunarinnar þ.e. fjármálasvið, mannvirkjasvið, siglingasvið, stoðsvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru forstjóri og framkvæmdastjórar sviða. Fjármálasvið skiptist í þrjár deildir; greiningardeild, fjárhagsdeild og rekstrardeild. Mannvirkjasvið skiptist í þrjár deildir; framkvæmdadeild, hönnunardeild og þjónustudeild, og tvær sjálfstæðar einingar jarðefni og jarðgöng. Siglingasvið skiptist í tvær deildir; hafnadeild og vítadeild. Stoðsvið skiptist í tvær deildir; samskiptadeild og lögræðideild, og tvær sjálfstæðar einingar; mannauð og rannsóknir. Þróunarsvið skiptist í þrjár deildir; áætlunadeild, umferðardeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið innri endurskoðun og gæðadeild. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

Vaktstöð siglinga

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Tilkynningakerfi um komur og brottfarir skipa fara í gegnum kerfi Vaktstöðvar siglinga. Vaktstöðin fær upplýsingar í gegnum SafeSeaNet þegar erlend skip eru á ferð, um flutning hættulegra efna, farþegalista, o.fl. Lagður var grunnur að upplýsingamiðlun í gegnum nettengd farartæki sem sjófarendur geta gerst áskrifendur að.

Vaktstöð siglinga rekur SafeSeaNet, sem er upplýsingakerfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu og einnig LRIT (Long Range Identification and Tracking), sem er tilkynningakerfi kaupskipa innleiðt af IMO, Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Vaktstöð siglinga rekur líka AIS kerfið og eru AIS landstöðvarnar orðnar alls 44 í árslok 2016.

Vegagerðin (áður Siglingastofnun) hefur haft fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna Vaktstöðvarinnar.

Vítar, upplýsinga- og leiðsögukerfi

Vegagerðin sér um rekstur landsvítakerfisins ásamt rekstri á öldumælisdúflum, strandveðurstöðvum og radarsvörum ásamt siglingabaujum sem eru fyrir utan hafnsögu einstakra hafna, en veitir einnig tæknilega aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Vegagerðin rekur einnig upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir sjófarendur.

Vegagerðin fær til ráðstöfunar vitagjald, sérstakt gjald á brúttótonn skipa sem samkvæmt vitalögum er lagður á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Vitagjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur leiðsögukerfis fyrir sjófarendur og upplýsingakerfi um veður og sjólag.

Viðhald og eftirlit Vegagerðarinnar með vitum landsins skiptist í rekstur raf- og ljósabúnaðar annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum. Nauðsynlegt er að viðhalda ytra byrði víta vel þar sem þeir eru notaðir sem dagmerki við siglingar og vítarnir margir hverjar á stöðum sem eru útsettir fyrir saltroki og miklum vindum.

Farið var í viðhald á 16 vitum á landi og 4 vitum á eyjum og skerjum. Í almennu viðhaldi felst málningar- og múrvinna ýmisskonar ásamt þrifum. Flestir landsvítar voru heimsóttir til eftirlits, fyrirbyggjandi viðhalds og endurnýjunar á ljós- og rafbúnaði. Sinnt var almennu viðhaldi á 3 siglingarbaujum. Veðurstöðvar í eyja- og skerjavítum voru einnig yfirfarnar. Meira var vart við bilanir og útslátt bæði í veðurstöðvum og sólarorkuvítum en í hefðbundnu ári m.a. vegna minni birtu og snjóleysis en einnig vegna slæms sjóveðurs sem gekk yfir landið snemma á árinu. Þá sinntu starfsmenn Vegagerðarinnar eftirliti með tveimur vitum fyrir Faxaflóahafnir og sáu um viðhald á baujum, garðsendaljósum og leiðarljósum fyrir hafnir landsins.

Undirbúningur var hafinn á árinu með að skipta út ljósaperum fyrir nýrri gerð ljósapera fyrir víta, en einnig var hafinn undirbúningur á að innleiða LED tækni í landtökuvita ásamt því sem fjargæsla á vitaljósum var aukin til muna.

Þeir vítar sem voru teknir í viðhald voru Hjalteyrarviti, Kópaskersviti, Rauðanúpsviti, Hraunhafnartangaviti, Raufarhafnarviti, Grenjanesviti, Digranesviti, Gerðistangaviti, Skarðsviti, Kálfshamarsviti, Svalvogaviti, Ólafsviti, Óshólaviti, Arnarnesviti, Ingólfshöfðaviti, Urðarviti, Faxaskersviti, Kópanesviti, Langanesviti, og Æðeyjarviti.

Fyrir utan hefðbundið viðhald var farið í Dyrhólaeyjarvita, Reykjanesvita og landganginn í Þorlákshöfn. Dyrhólaeyjarvitinn var vatnspéttur að utan og innan, skipt um rúður í ljóshúsinu o.fl. Á Reykjanesvita var endurbætt handrið á svölum og í Þorlákshöfn var landgangurinn við Herjólfsbryggjuna málaður að innan og lagfærður.

Upplýsingakerfi Vegagerðarinnar um veður og sjólag var rekið á svipaðan hátt og undanfarin ár. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið sem uppfærðar eru að mestu á klukkustundar fresti frá strandveðurstöðvum og öldumælisdúflum sem mæla ölduhæð á tilteknum hafsvæðum. Alls eru 12 slík öldumælisdúfl í rekstri með ströndum fram.

Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef Vegagerðarinnar en einnig má nálgast upplýsingar frá öldumælisdúflum í textavarpri sjónvarps.

Rannsóknir, líkantilraunir og grunnkort

Á vegum Vegagerðarinnar er á hverju ári unnið að rannsóknum á öldufari, jarðvegsrannsóknum í höfnum, gerð líkantilrauna og grunnkorta af höfnum, ásamt rannsóknum tengdum sjöörnum. Unnið var við umsýslu á upplýsingarkerfinu *Veður og sjólag* og hafinn undirbúningur að staðbundnum ölduspám á nýjum hafsvæðum. Unnið var við gerð öldukorta fyrir Faxaflóa og Skjálfanda þar sem lítið er til öryggis farþegaskipa í innanlandsiglingu.

Á árinu var unnið að úrvinnslu sjávarborðsmælinga frá nokkrum höfnum með greiningu sjávarfalla og sjávarborðsbreytinga vegna jarðskorpuhreyfinga og hnattrænnar hlýnunar. Þá var haldið áfram rannsóknum á flóðhæð í Básendaflóðinu og hafin vinna við endurskoðun á viðmiðunarreglum við landhæð á lágsvæðum.

Unnið var að ýmsum rannsóknum sem tengjast vandamálum við sandflutninga við Landeyjahöfn. Í líkanstöðinni voru gerðar



Ferjulandgangur í Þorlákshöfn 25. apríl 2016.



Grimseyjarviti í Steingrímsfirði, rafgeymar, 26. júní 2016.



Ólafsviti í Patreksfirði, málningarvinna, 5. júlí 2016.



Líkan af Landeyjahöfn í líkanhúsi Vegagerðarinnar við Vesturvör í Kópavogi, 9. september 2016.



Sænskir verkfræðinemar og leiðsögumaður þeirra (t.h.) skoða aðstæður við Landeyjahöfn, 18. febrúar 2016.

tilraunir þar sem fljótandi líkan af nýrri Vestmannaeyjaferju var bundið við kant í Landeyjahöfn og skoðaðar endurbætur á innri höfninni til að draga úr hreyfingum við ferjukantinn. Þá unnu tveir verkfræðinemar við háskólann í Lundi í Svíþjóð, í samvinnu við Vegagerðina, að meistaraverkefni sem fjallar um sandflutninga við Landeyjahöfn, hvaða ferli stjórna flutningunum og hvernig eða hvort hægt sé að hafa áhrif á þessi ferli. Áfram var unnið að rannsóknum á Grynslunum utan við Hornafjarðarós og áhrifum þeirra á siglingar um Ösinn. Gerðar voru straumhraða- og rennislismælingar í Hornafjarðarós og í nokkrum sniðum innan Össins. Meistararitgerð verkfræðinema við tækniháskólann í Delft í Hollandi sem unnin var í samvinnu við Vegagerðina fjallaði um Hornafjarðarós þar sem strandbreytingar voru skoðaðar í stórum skala.

Fylgst var með strandbreytingum við Vík í Mýrdal og unnið að undirbúningi að byggingu nýs sandfangara austan við þann sem fyrir er.

Unnið var við öldufarsrannsóknir í reikniliíkani af Þorlákshöfn og könnuð áhrif ýmissa breytinga á höfninni á viðleguskilyrði.

Tekið var þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum PIANC og ráðstefnum á sviði strandverkfræði og hafnargerðar.

Unnið var að rannsóknar og þróunarverkefnum sem greidd voru af ýmsum aðilum. Lokið var við vinnu fyrir Faxafóahafnir um öldufar á Sundunum í Reykjavík. Hluti af því verkefni var gerð meistararitgerðar verkfræðinema við tækniháskólann í Danmörku, þar sem skoðaðar voru hreyfingar gámaflutningaskips við fyrirhugaðan hafnarkant í Sundahöfn. Þá var unnið við öldufarsrannsóknir og mat á áhrif efnistöku í Ísa-fjarðardjúpi og Reyðarfirði annars vegar fyrir Íslenska kalkþörungafélagið og hins vegar Fjarðabyggð. Þá var unnið að öldufarsreikningum fyrir Arnarfjörð fyrir laxeldisfyrirtækin Fjarðalax og Arctic Sea Farm.

Upplýsingaþjónusta


Hjá umferðaþjónustu þjónustudeildar mannvirkjasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar, en þjónusta við vegfarendur felst m.a. í margs konar kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Vegagerðin rekur nú öflugt upplýsingakerfi um færð, veður og ástand vega um allt land til að mæta auknum þörfum og kröfum vegfarendans um greinargóðar upplýsingar um sem flest sem hann varðar þegar hann er á ferð um vegakerfið.

Safnað er saman fjölbættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörð, veður og færð og eru flest þessara mælitækja sjálfvirk og er þessum upplýsingum miðlað samtímis, um alla helstu upplýsingamiðla landsins, til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna

Vegagerðin greiðir innheimtukostnað vegna markaðra tekna til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst hann til útgjalda hjá stofnuninni. Innheimtukostnaður markaðra tekna samkvæmt fjárlögum 2016 var 81 m.kr.



Mynd úr sjálfvirkri myndavél Vegagerðarinnar.

4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald

Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 4.240,3 m.kr., styrkir til ferja og sérleyfishafa 1.520,8 m.kr., styrkir til almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess 988,4 m.kr., styrkir til innanlandsflugs 306,4 m.kr., fjárveitingar til rannsókna 141,9 m.kr. Veitt var 80 m.kr. til jarðgangarannsókna á Fjarðarheiði, 5 m.kr. til rannsókna á Grynslum við Höfn í Hornafirði og til viðhalds vegakerfisins 5.850 m.kr. Í fjárukaðögum fyrir árið 2016 var veitt 1.437,2 m.kr. til þjónustu vegakerfisins og 223,0 m.kr. til viðhalds vegakerfisins. Samtals voru því fjárveitingar til þessara liða 14.973 m.kr. Gerð er grein fyrir jarðgangarannsóknum á Fjarðarheiði í fylgiskjali 2; greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2016.

4.1.4.1 Þjónusta

Fjárveiting til þjónustu stofn- tengi- og héraðsvega á fjárlögum og fjárukaðögum árið 2016 var 5.677,5 m.kr. Auk þess var hagnaður svæða og rekstrardeildar að upphæð 201 m.kr. notaður til að minnka halla á vetrarviðhaldi. Til ráðstöfunar voru því 5.878,5 m.kr. en þar af fóru 1.437 m.kr. til greiðslu á uppsöfnuðum halla. Verkefni í þjónustu skiptist á árinu



Skemmd leiðamerki við Vífilsstaðavatn 14. janúar 2016.

2016 í fjóra meginflokkka, viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu vega var 4.596 m.kr. á árinu 2016. Halli á þjónustu vegakerfisins var 154 m.kr. í árslok 2016. Hér er fjallað sérstaklega um almenna þjónustu, þ.e. viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög og viðhaldssvæði og sérstaklega um vetrarviðhald. Í töflu 6 á bls. 16 kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu skiptist milli hinna einstöku flokka þjónustunnar og milli svæða Vegagerðarinnar á árinu 2016.

Viðhald vegmerkinga

Fjárheimildum til vegmerkinga var varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingu, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 1.165 m.kr. á árinu 2016.


Samningar við sveitarfélög

Fjárheimildum til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga, nr. 80/2007, er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafila þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Gerðir voru samningar við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra, en frá árinu 2011 hefur Vegagerðin yfirtekið mikinn hluta þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 90 m.kr. á árinu 2016.

Viðhaldssvæði

Fjárheimildum var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á áspunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 645 m.kr. á árinu 2016.

Súlurit 3 sýnir þróun fjárheimilda til almennrar þjónustu á árunum 2006-2016. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2016. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 eru fjárheimildir fyrir vegheflun og rykbindingu malarvega taldar með fjárheimildum til endurnýjunar malarslitlaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 eru fjárheimildir til vegganga taldar með viðhaldsliðnum veggöng.



Súlurit 3 Fjárheimildir til almennrar þjónustu á verðlagi ársins 2016.

Svæði / útgjaldaliður	Sam-eiginlegt m.kr.	Suður-svæði m.kr.	Vestur-svæði m.kr.	Norður-svæði m.kr.	Austur-svæði m.kr.	Sam-tals m.kr.
Viðhald vegmerkinga	69	591	199	189	117	1.165
Samningar við sveitarfélög *	0	0	43	25	22	90
Viðhaldsvæði	22	294	125	129	75	645
Samtals	91	885	367	343	214	1.900


Tafla 6
Skipting
kostnaðar við
almenna þjónustu.

* Vegagerðin hefur gert samninga við nokkur sveitarfélög um þjónustu innan þéttbýlis, en hefur frá árinu 2011 yfirtekið marga þessara samninga.



Viðhald á vegstikum,
Hringvegur (1),
Suðurlandsvegur
í Árnessýslu, 1. júní 2016.

Súlurit 4 sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu á árunum 2006-2016. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2016. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 er kostnaður við vegheflun og rykbindingu malarvega talinn með kostnaði við endurnýjun malarslitlaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 er kostnaður vegna vegganga talinn með viðhaldsliðnum veggöng.



Súlurit 4
Kostnaður við
almenna þjónustu
á verðlagi
ársins 2016.

Vetrarviðhald


Fjárheimildum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 2.696 m.kr. á árinu 2016. Í töflu 7 kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2016 skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar. Á undanförunum árum hefur þjónustumagn að vetri til aukist. Munar þar mestu um meiri

þjónustu vegna óhagstæðara veðurfars en einnig hefur aukin umferð á einstökum leiðum leitt til fjölgunar snjómokstursdaga og aukinnar þjónustu. Ákall er um aukna og breytta þjónustu, vegna aukinna umsvifa í samfélaginu og sérþarfa vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna. Súlurit 5 sýnir þróun fjárheimilda til vetrarviðhalds á árunum 2006-2016 og súlurit 6 sýnir þróun í kostnaði sömu ár. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2016. Í töflu 8 má sjá kostnað við vetrarviðhald á nokkrum vegarköflum á árinu 2016.


Tafla 7
Skipting kostnaðar
við vetrarviðhald.

Svæði / útgjaldaliður	Sam-eiginlegt m.kr.	Suður-svæði m.kr.	Vestur-svæði m.kr.	Norður-svæði m.kr.	Austur-svæði m.kr.	Sam-tals m.kr.
Vetrarviðhald	224	811	651	631	379	2.696

Súlurit 5
Fjárheimildir
til vetrarviðhalds
á verðlagi ársins 2016.



Súlurit 6
Kostnaður við
vetrarviðhald
á verðlagi ársins 2016.



Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík - Hveragerði og Þrengslavegur	48	127,8	2.662
Holtavörðuheiði	37	21,9	592
Fróðárheiði	14	13,1	937
Steingrímsfjarðarheiði	47	23,6	502
Siglufjarðarvegur: Ketilás - Siglufjörður	25	10,4	417
Öxnadalshaiði	25	16,9	676
Dalvík - Ólafsfjörður	18	7,3	407
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	51,7	354
Vopnafjarðarheiði	51	13,2	258
Fjarðarheiði	24	36,8	1.532
Oddsskarð	23	22,1	963
Vegid meðaltal			753



Snjóblásari frá Fellabæ að störfum 7. mars 2016.



Hringvegur (1), stund milli stríða í Bakkaselsbrekku 1. febrúar 2016.



Vestmannaeyjaferjan Herjólfur siglir inn í Landeyjahöfn 10. maí 2016.

4.1.4.2 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

Fjárveiting til ferja og sérleyfishafa var 1.520,8 m.kr. Frá fyrra ári fór út 40 m.kr. fjárveiting vegna siglinga Víkings til Vestmannaeyja 2015 en við bættist 70 m.kr. fjárveiting til sérleyfa á landi. Raunlækkun er því um 7 m.kr. milli ára. Í ársbyrjun var hallinn á þessum lið 341,7 m.kr. Hallinn jókst á árinu og í árslok var hann 497,2 m.kr. Upphaflegu ástæðu þessa halla má rekja aftur til 2010 þegar Landeyjahöfn var tekin í notkun og þau vandamál, sem enn er verið að glíma við litu dagsins ljós. Ný ferja er nú í smíðum og einnig eru uppi áform um endurbætur á höfninni. Á meðan þarf að sigla bæði til Landeyjahafnar og Þorlákshafnar eftir aðstæðum, sem leiðir til u.þ.b 300 m.kr. kostnaðarauka á ári. Núverandi fjárveitingar hafa verið hækkaðar til að mæta þessum kostnaði, en óbættur er enn kostnaðaraukinn frá 2010. Fjárveiting til þessa liðar fær á sig skerðingu vegna hag-ræðingarkröfu. Uppistaða gjaldanna er hins vegar verðbættir samningar við rekstraraðila. Þetta leiðir til síaukins halla á liðnum. Ekkert svigrúm hefur heldur verið til að mæta viðhaldskostnaði á ferjunum, sem flestar eru í eigu ríkisins og eru komnar til ára sinna.

Ferjur

Heildarkostnaður á árinu 2016 var 1.244,2 m.kr. Tafla 9 sýnir hvernig ríkið styrkti ferjuleiðir og flutninga á árinu 2016.

Sérleyfi á landi

Heildarkostnaður á árinu var 432,0 m.kr. Undir þennan lið falla allir styrkir til sérleyfa á landi. Búið er að semja við samtök

Tafla 9 Kostnaður við ferjur.

	Rekstrar- styrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur	741,2	34,9	776,1
Breiðafjarðarferja, Baldur	157,3	0,7	158,0
Flutningar í Ísafjarðardjúpi	0,0	0,1	0,1
Hrísseyjarferja, Sævar	104,5	27,7	132,2
Grimseyjarferja, Sæfari	153,4	5,2	158,6
Mjóafjarðarferja	12,7	0,0	12,7
Norðurfjarðarflutningar	1,0	0,0	1,0
Sameiginlegt	0,0	5,5	5,5
Samtals	1.170,1	74,1	1.244,2

sveitarfélaga um land allt um að sjá um tilhögun á þessum rekstri og útboð á honum. Hefur það fyrirkomulag yfirleitt gefist vel nema halli hefur verið á rekstrinum. Fjárveiting var aukin um 70 m.kr. á árinu til að mæta þeim halla og til þróa kerfið áfram.

4.1.4.3 Styrkir til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárveiting á fjárlögum var 988,4 m.kr. Áformað er að byggja upp almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við það. Verkefnið er til 10 ára og skal verja hluta af kolefnisgjaldi til að fjármagna það. Gerðir hafa verið samningar við samtök sveitarfélaga um þetta verkefni.



Strætisvagnar á Hlemmtorgi í Reykjavík 29. ágúst 2016.



Bíldudalsflugvöllur, 27. september 2016.

4.1.4.4 Styrkir til innanlandsflugs

Fjárveiting til þessa liðar var 306,4 m.kr. samkvæmt fjárlögum. Samið hefur verið upp á nýtt um styrki til innanlandsflugs. Nýjar reglur frá ESB kalla á breytt fyrirkomulag. Samningar við rekstraraðila voru framlengdir til 31. mars 2017. Útboð fór fram og voru fyrri rekstraraðilar lægstbjóðendur þannig að samið var við þá að nýju. Nýir samningar taka gildi 1. apríl 2017. Ríkisstyrkt áætlunarflug var til sex áfangastaða á árinu 2016. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

4.1.4.5 Rannsóknir

Samkvæmt 23. grein vegalaga skal að minnsta kosti einum og hálfum hundraðshluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar varið til rannsókna og þróunar við vegagerð undir stjórn Vegagerðarinnar. Árið 2016 var fjárveitingin 142 m.kr. sem er eins og mörg undanfarin ár nokkuð minna en vera ætti ef lagabókstafnum hefði verið fylgt. Auglýst var eftir umsóknum í rannsóknasjóðinn í byrjun árs



Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar, 28. október 2016.

2016. Í auglýsingu voru lögð fram áherslusvið frá fagnefndum en jafnframt tekið fram að fagnefndirnar myndu skilgreina eða láta skilgreina verkefni á sínum vegum. Áherslur fagnefndanna voru eftirfarandi:

Fagnefnd um mannvirki leggur áherslu á rannsóknir tengdar slitlögum (malarslitlögum, klæðingarslitlögum og malbiksslitlögum). Jafnframt er lögð áhersla á framkvæmdaefirlit og sjávarrannsóknir (flóð, öldufarsupplýsingar o.s.frv.).

Fagnefnd um umferð leggur áherslu á umferðar- og umferðaröryggismál sem tengjast erlendum ferðamönnum, sem og hjóleiðum.

Fagnefnd um umhverfi og samfélag leggur fram víðtæk áhersluatriði tengd báðum málaflokkum. Má þar nefna: leiðir til að draga úr losun CO² frá umferð á landi og sjó; röskun og mengun umhverfis vegna framkvæmda og viðhalds vega- og hafnarmannvirka; vegagerð og ferðamennska; hagfræðilegar greiningar (s.s. mat á arðsemi, verðmat og vísitölur); miðlun upplýsinga.

Auk þess var gert ráð fyrir „frjálsum“ umsóknum, en í auglýsingu var minnt á hlutverk rannsókna Vegagerðarinnar, sem er m.a. að stuðla að því að hún geti uppfyllt þau markmið sem henni eru sett á hverjum tíma, sem og að afla nýrrar þekkingar á starfssviði hennar.

Umsóknafrestur rann út 3. febrúar 2016. Alls bárust 136 umsóknir að upphæð 368 m.kr. Þetta eru heldur færrí umsóknir en árin á undan, en upphæð er nálægt meðaltalinu frá og með 2011, en vel undir metárunum 2009 og 2010. Mismunur á fjárveitingum til sjóðsins og upphæð umsókna gerir það að verkum að hafna þarf mörgum áhugaverðum verkefnaumsóknum og í mörgum tilvikum var fjárveiting lægri en heildarupphæð umsóknarinnar. Alls var veitt 139 m.kr. í 85 verkefni á árinu, en þetta er minnstur fjöldi styrkja sem veittur hefur verið frá árinu 2005.

Árleg rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar var haldin 28. október 2016 og voru 187 skráðir þátttakendur. Rannsóknaráðstefnan er einn af þeim vettvöngum sem nýttir eru til að kynna afrakstur rannsóknastarfsins.

Sjá lista yfir rannsóknaverkefni á síðunni hér til hægri.

Tafla 10 Rannsóknaverkefni.

Mannvirki

Ákvörðun á flóðhæð í Básendaflóði
 Ástand spennikapla í steypum brúm 2
 BridgeSpec (COST TU1406)
 Brotholur – orsakir, kostnaður, fyrirbyggjandi aðgerðir og viðgerðarmöguleikar
 Efni til innþéttingar sprungna í slitlagi brúa
 Endur- og símennturnarnámskeið í vegagerð
 Endurvinnsla steypu í burðarlög vega
 Eurocode 7 - endurskoðun
 Evrópustaðlar, CEN/TC 154 og CEN/TC 227
 Greining á bergstyrkingum í veggöngum - samanburður við Q-kerfið
 Háalka á nýlögðu malbiki
 Jarðtæknirannsóknir í vegagerð - áhættugreining
 Lagsvæði, viðmiðunarreglur fyrir landhæð
 Leiðbeiningar í eftirliti við framkvæmdir hjá Vegagerðinni
 Leiðbeiningar um efnisrannsóknir og efniskröfur
 Notkun koltrefja til styrkingar steyptra mannvirkja og til ástandsgræininga
 Rannsóknakerfi
 ROADEX NETWORK
 Rýnilistar fyrir vegagerð
 Sig í mýrarjarðvegi
 Slitlög

Sprengingar í þéttbýli – Mat á titringi í byggingum vegna sprenginga.

Steinefnabanki
 Steinsteypunefnd

Steipt 40 – 50 mm slitlag á brýr
 Stífnieiginleikar jarðvegs metnir með greiningu yfirborðsbylgna
 Styrkingarmöguleikar burðarlags núverandi vega - framhald

Togþol slitsterkrar hástyrkleikasteypu í slitlag brúa
 Tæring stálpila og líftími

Vegorðasafn - skilgreiningar og skýringar á hugtökum
 Yfirborð brúa

Yfirborðsmerkingar ending og efnisnotkun
 Þróun nýrra hönnunarleiðbeininga til að meta sjávarálag á vegi og brýr

Umferð

Áhrif endaðragangs vegriða á snjósofnun
 Akstur og öryggi erlendra ferðamanna á vegum landsins
 Áskrift að slysagagnagrunninum IRTAD
 Ferðahættir að Fjallabaki
 Ferðavenjur vetur 2015-2016

Ferðir á einstakling – samanburðarathugun á gerð og úrvinnslu ferðavenjukannana héraðs og erlendis
 Forviðvörðun bruna í jarðgöngum

Greining kostnaðar við vetrarþjónustu með hliðsjón af veðurlagi

Hraðbraut fyrir hjólandi á höfuðborgarsvæðinu
 Kortlagning hættulegra staða, hindranir og ótti hjóleiðamanna í Reykjavík

Kortlagning veghita með áherslu á hálkustaði
 Meðalhraðaefirlit - innleiðingaráætlun
 NordFoU EPAS. Áhrif dreifibúnaðar, saltgerðar og ökuhraða á nýtni hálkusalts
 NordFoU ROSTMOS, Upplýsingatækni til færðar- og ástandsgræiningar á vegum
 NorDust - Líkanreikningar á svifryksmengun vegna umferðar og áhrif veðurs
 NorSIKT IP - samnorrænt verkefni um umferðartölfræði - innleiðing
 Rannsóknargreining á vindmælingum Vegagerðarinnar
 Reiknilíkan um þörf fyrir áningarstaði
 Samnorrænn gagnabanki um vetrarþjónustu
 Slys á gatnamótum. Samband slysatíðni, alvarleika slysa og umferðarhraða
 Stoppistöðvar á þjóðvegum - hönnunarleiðbeiningar
 Talningar á hjóleiðumferð. Bætt aðferðarfræði talninga með leitun til nágrannalanda
 Tenging hjólanets höfuðborgarsvæðisins við umliggjandi þjóðvegi
 Umferðaröryggi við strætóstöðvar
 Upplýsingar úr slysaskrá Samgöngustofu
 Veglýsing utan þéttbýlis, leiðbeiningar
 Vinnusóknarmynstur og vinnusóknarsvæði á norðanverðum Vestfjörðum
 Öryggi hjólandi vegfarenda á þjóðvegum landsins

Umhverfi

Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi
 Frærækt innleindra plöntutegunda til uppgæðslu
 Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
 Hvað sýna íssjarmælingar undir sigkötlum Mýrdalsjökuls?

Kortlagning aftakastorma og vegagerð - Suðvesturland
 Kortlagning þarfar á salernisaðstöðu meðfram þjóðvegum Íslands – II. hluti

Plast endurunnið í vegi: Mat á hagkvæmni þess að nota úrgangspplast til vegagerðar á Íslandi

Skjólbelti meðfram vegum
 Styrkur til Jöklarannsóknafélagsins 2016

Umhverfisvitund starfsmanna stofnana og fyrirtækja, mæling og þróun

Umhverfisvæn eyðing gróðurs í vegköntum: Þarfagreining og kostnaður

Umhverfisvænt sementslaust steinlím úr úrgangsefnum
 Vetrarþjónusta á hjóleiðastígum

Vistferilsgræining fyrir íslenska stálbrú

Vöktun þungmálma og brennisteins í andrúmslofti með mælingum á mosa.

Samfélag

Áhugaverðir staðir - Hættulegir staðir?
 Algild hönnun - Norrænar hönnunarreglur um algilda hönnun
 Ferðamenn og íbúar í Vestmannaeyjum 2012 -2016
 Fjárfestingar- og viðhaldsþörf í innviðum; efnahagsleg áhrif
 Skráning vegminja - 2. áfangi (2. hluti 2. áfanga)
 Staðsetning búsetusvæða, athafnavirkni og ferðavenjur
 Umferðaröryggi erlendra ferðamanna á Íslandi

Tafla 11 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi.

Svæði / vegflokkur	Suður-svæði km	Vestur-svæði km	Norður-svæði km	Austur-svæði km	Samtals km	Hlutfall %
Stofnvegir	1.340	1.386	1.334	895	4.955	38,2
Tengivegir	960	913	1.094	437	3.405	26,3
Héraðsvegir	709	739	865	347	2.660	20,5
Landsvegir	575	213	681	470	1.939	15,0
Samtals:	3.583	3.251	3.974	2.150	12.958	100,0

Tafla 12 Lengd vega með bundnu slitlagi.

Svæði / vegflokkur	Suður-svæði km	Vestur-svæði km	Norður-svæði km	Austur-svæði km	Samtals km	Hlutfall %
Stofnvegir	1.077	1.119	1.089	766	4.050	81,8
Tengivegir	494	178	267	161	1.100	32,3
Héraðsvegir	173	85	58	35	351	13,2
Landsvegir	2	1	0	68	71	3,7
Samtals:	1.745	1.383	1.415	1.030	5.573	43,0

Tafla 13 Hlutfall vega með bundnu slitlagi.

Svæði / vegflokkur	Suður-svæði %	Vestur-svæði %	Norður-svæði %	Austur-svæði %	Samtals %
Stofnvegir	80,4	80,7	81,7	85,5	81,8
Tengivegir	51,4	19,5	24,4	36,8	32,3
Héraðsvegir	24,4	11,5	6,7	10,1	13,2
Landsvegir	0,3	0,5	0,0	14,5	3,7
Samtals:	48,7	42,5	35,6	47,9	43,0



Malbikun í Borgarnesi, 28. september 2016.

4.1.4.6 Viðhald


Fjárveiting á fjárlögum til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2016 var 5.850 m.kr. Í fjárukalögum voru veittar 223 m.kr. vegna vatnaskemmda á Austurlandi, styrkinga og endurbóta á fjallvegum. Óráðstafað frá fyrra ári voru 59 m.kr. Til ráðstöfunar í viðhald þjóðvega voru því alls 6.132 m.kr. á árinu 2016. Verkefni viðhaldsins skiptist í tíu meginflokk; viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, veggöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamla efnisnáma og minjar og saga.

Heildarkostnaður við viðhald vega var 6.163 m.kr. á árinu 2016. Skuld innan málaflokksins reyndist því 31 m.kr. sem dregst frá fjárheimild fyrir árið 2017.


Viðhald þjóðvegakerfisins innifelur það að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Heildarlengd stofnvega, tengivega og landsvega var 10.247 km í árslok 2016, og var umferð á þeim árið 2016 um 2.603 milljónir ekinna km. Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Í töflu 11 má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2016. Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.907 km. Auk þess er 51 km vega innan þéttbýlis sem samkvæmt vegalögum ættu að teljast sveitarfélagavegir, en ekki hefur náðst samkomulag um skil á og á meðan sér Vegagerðin um viðhald þeirra. Samtals er það vegakerfi sem Vegagerðin annast viðhald á því 12.958 km, sjá töflu 11. Í töflu 12 er sýnd lengd vega með bundnu slitlagi eftir vegflokkum og svæðum Vegagerðarinnar og í töflu 13 er sýnt hlutfall vega með bundnu slitlagi.

Súlurit 7 sýnir nýlagnir af bundnu slitlagi frá árinu 2000. Árið 2016 voru nýlagnir 77 km. Í árslok 2016 voru vegir með bundnu slitlagi 5.573 km og heildarflatar-mál bundinna slitlaga um 37,3 milljónir fermetra. Á línuriti 1 er sýnd þróun aksturs á stofnvegum, tengivegum og landsvegum frá árinu 1996. Árið 2016 var áætluð umferð 2.603 milljónir ekinna km. Í töflu 14 kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2016 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar. Súlurit 8 á bls. 24 sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árunum 2006-2016 og súlurit 9 sýnir þróun í kostnaði. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2016.



Súlurit 7 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári.




Línurit 1 Þróun aksturs á stofn-, tengi- og landsvegum frá árinu 1995.

Svæði / útgjaldaliður	Sam-eiginlegt m.kr.	Suður-svæði m.kr.	Vestur-svæði m.kr.	Norður-svæði m.kr.	Austur-svæði m.kr.	Samtals m.kr.
Efnisvinnsla	0	-45	98	-33	1	21
Viðhald bundinna slitlaga	71	1.379	609	542	356	2.957
Viðhald malarvega	55	232	291	308	130	1.016
Styrkingar og endurbætur	34	206	217	185	163	805
Brýr og varnargarðar	41	22	125	194	71	453
Umferðaröryggi	52	72	80	66	70	340
Veggöng	0	0	48	90	21	159
Vatnaskemmdir og ófyrirséð	2	21	37	33	191	284
Skaftárhlaup	0	6	0	0	0	6
Viðhald girðinga	0	12	33	45	7	97
Frágangur gamla efnisnáma	3	3	7	4	2	19
Minjar og saga	6	0	0	0	0	6
Samtals	264	1.908	1.545	1.434	1.012	6.163


Tafla 14 Skipting viðhaldskostnaðar.



Laugarvatnsvegur (37) á Laugarvatni. Skemmdir á slitlagi lagfærðar 1. mars 2016.



Súlurit 8
Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega á verðlagi ársins 2016.



Súlurit 9
Kostnaður við viðhald þjóðvega á verðlagi ársins 2016.

Efnisvinnsla

Á hverju ári er boðin út vinnsla eða kaup á steinefni í malar-slitlag, klæðingu og burðarlag vega, sem síðan er selt viðkomandi framkvæmdum. Nauðsynlegt er að til sé unnið steinefni á vorin þegar framkvæmdir hefjast og þá unnið eða keypt árið áður. Nokkrar sveiflur eru í kostnaði við efnisvinnslu milli ára. Á árinu 2016 var kostnaður við öflun efnis 21 m.kr. umfram sölu efnis. Í töflu 17 er sýnt magn efnis til mismunandi nota skipt eftir svæðum.

Viðhald bundinna slitlaga

Fjárheimild til viðhalds bundinna slitlaga er notuð til yfirlagna bundinna slitlaga og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Á árinu 2016 voru yfirlagðir 2.315 þús. fermetrar af bundnu slitlagi og samsvarar það um 6% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga eða um 377 km. Tæp 90% yfirlagna eru klæðingar, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Kostnaður við viðhald bundinna slitlaga á árinu 2016 var 2.957 m.kr. Yfirlagnir hafa á undanförunum þremur árum verið að meðaltali 5,3% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga, sem samsvarar því að vegir hafa einungis verið yfirlagðir á um 18-19 ára fresti, en ending yfirlagna er einungis 8-12 ár eftir umferð. Fjárheimildir til viðhalds bundinna slitlaga hafa aukist að krónutölu, en halda hvergi nærri í við verð á asfalti sem hefur tífaldast á síðastliðnum 12 árum. Því hefur safnast upp mikil þörf fyrir aukið viðhald slitlaga. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í töflu 15.

Viðhald malarvega

Fjárheimild til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malar-slitlaga, heflunar og rykbindingar. Lagt var og endurbætt malar-slitlag á 483 km af malarvegum. Um er að ræða ný malar-slitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2016 var 1.016 m.kr. Í töflu 16 kemur fram hvernig endurnýjun malar-slitlaga skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2016 var eins og fram kemur í töflu 17. Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

Styrkingar og endurbætur

Fjárheimildum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Stærsti hluti fjármagns fer til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af heildarumferð. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1990 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur á þeim.

Tafla 15 Viðhald bundinna slitlaga.

Svæði	Klæðing		Malbik		Allt	
	km	þús. m ²	km	þús. m ²	km	þús. m ²
Suðursvæði	51,5	348	52,0	186	103,5	534
Vestursvæði	102,7	644	4,4	31	107,1	675
Norðursvæði	89,9	616	2,4	17	92,3	632
Austursvæði	73,7	471	0,4	2	74,0	474
Samtals	317,8	2.079	59,2	2.367	377,0	2.315

Tafla 16 Viðhald malarvega.

Svæði	Óunnið efni		Unnið efni		Mölburður alls	
	km	m ³	km	m ³	km	m ³
Suðursvæði	17	7.000	39	20.000	56	27.000
Vestursvæði	12	2.360	70	14.516	82	16.876
Norðursvæði	0	0	202	22.567	202	22.567
Austursvæði	2	604	141	11.869	143	11.869
Samtals	31	9.964	452	68.952	483	78.916

Tafla 17 Vinnsla efnis.

Svæði	Fyrir malar-slitlag	Fyrir bundið slitlag	Fyrir burðarlag	Samtals
	m ³	m ³	m ³	m ³
Suðursvæði	0	8.257	99.364	107.621
Vestursvæði	220	20.800	17.200	38.220
Norðursvæði	0	9.544	49.333	58.877
Austursvæði	14.156	6.394	3.735	24.285
Samtals	14.376	44.995	169.632	229.003

Tafla 18 Styrkingar.

Svæði	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag km	Bundið burðarlag m ³	Burðarlag km	Bundið burðarlag m ³	km	m ³	km	m ³
Suðursvæði	0	0	0	0	12,0	10.400	12,0	10.400
Vestursvæði	0	0	3,3	2.600	13,7	8.890	17,0	11.490
Norðursvæði	3,2	25.500	0	0	7,8	7.750	11,0	33.250
Austursvæði	0	0	0	0	2,9	1.030	2,9	1.030
Samtals	3,2	25.500	3,3	2.600	36,4	28.070	42,9	56.170



Vinnuflokkur frá Patreksfirði styrkir Ketildalveg (619) í Selárdal 27. september 2016.

Helstu verkefni

Suðursvæði: Lokið var við framkvæmdir vegna styrkinga og breiðunar á 2,3 km kafla á Biskupstungnabraut ofan Brúarár. Hafnar voru tveggja ára framkvæmdir við styrkingu og breiðun á 1,7 km kafla á Biskupstungnabraut milli Geysis og Tungufljóts. Endurbætur voru gerðar á sunnanverðum Kjalvegi um 4,0 km og nær nú uppbyggður vegur að Árbúðum. Hafnar voru framkvæmdir við breiðkun og styrkingu á 3,0 km kafla á Reynis- hverfisvegi og mun framkvæmdum ljúka 2017. Nokkuð var um styrkingar á malarvegum, en stærsta verkefni malarvega var styrking á um 4,0 km kafla á Hamarsvegi. Einnig voru unnin smærri verkefni á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2016 var 206 m.kr.

Vestursvæði: Barðastrandarvegur 4,0 km um Raknadalshlíð var sementsfestur og afréttur ásamt lagningu tvöfaldrar klæðingar. Hálsasveitarvegur um Húsafellsskóg var styrktur og lagfærður með afréttingu og lagður tvöfaldr klæðing. Unnið var að þurrfræsing og afréttingu á nokkrum völdum köflum á Snæfellsnesvegi sem voru illa farnir vegna sigs og aflögunar. Lagfæringar voru gerðar á Súgandafjarðarvegi þar sem unnið var við veigrásir og grjótvarnir styrktar. Nokkuð var um

styrkingar á malarvegum og allmörg smærri verkefni voru á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2016 var 217 m.kr.

Norðursvæði: Helstu verkefni svæðisins voru endurbuygging á 3,4 km kafla Hringvegur um Reykjadal, fyrri hluti af tveggja ára verkefni. Skagavegur við Harrastaði, endurbuygging 1,3 km kafla og endurnýjun ræsis. Þurrfræsing og afrétting á völdum köflum Hringvegur í Blönduhlíð ásamt lagningu klæðingar. Lagfæringar og styrkingar á malarvegum, um 4,0 km kafla á Vatnsnesvegi og lagning bundins slitlags við nokkrar brýr á Skagavegi. Önnur smærri verkefni voru á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2016 var 185 m.kr.

Austursvæði: Helsta verkefni svæðisins var að ljúka endurbuyggingu á 7,0 km kafla Hringvegur um Heiðarenda. Önnur smærri styrkingarverkefni voru framkvæmd á Suðurfarðarvegi, Helgustaðavegi, Einarstaðavegi, Norðurdalsvegi og Upphéraðsvegi. Venjubundin smærri viðhaldsverkefni voru á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2016 var 163 m.kr.

Tafla 18 á bls. 25 gefur yfirlit yfir styrkingu vega á árinu 2016.



Hringvegur (1), endurnýjun slitlags á brú yfir Blöndu á Blönduósi 14. september 2016.



Eskifjarðará, 30. desember 2015. Miklar vegaskemmdir urðu á Austurlandi síðustu daga ársins 2015 vegna vatnsveðurs. Mestur hluti kostnaðar við endurbætur féll til á árinu 2016.

Brýr og varnargarðar

Fjárheimild var notuð til viðhalds og reksturs brúa og varnargarða á öllum þjóðvegum. Brýr í notkun á þjóðvegum eru 1.195 og er meðalaldur þeirra um 39 ár. Auk þess sér Vegagerðin um viðhald á 17 brúm og undirgöngum á vegum sem samkvæmt vegalögum teljast til vega eða gatna sveitarfélaga, en Vegagerðin heldur við á meðan ekki hefur náðst samkomulag um skil þeirra til sveitarfélaga. Til viðbótar því sér Vegagerðin um rekstur og viðhald á göngubrúm yfir þjóðvegi og brúm sem hafa verið aflagðar á þjóðvegum en áfram notaðar sem göngu- eða reiðbrýr. Unnið var við 48 stór og smá verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 50 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og rofvörnum og um 24 m.kr. til endurbuyggingar á brúm eða endurnýjun með ræsnum. Þá var um 28 m.kr. varið til endurbóta á vegriðum á og við brýr til að auka umferðaröryggi. Mestu fé var varið til viðgerða á eldri brúm eða um 396 m.kr. Stærstu einstöku verkefni voru endurnýjun slitgólfs á Borgarfjarðarbrú og brú yfir Blöndu eða samtals um 216 m.kr. Um 11 m.kr. fóru í ýmis smáverkefni vegna brúa og hreinsun veggjakrots. Samkvæmt lögum eru brýr lengri en 50 m tryggðar hjá Viðlagatryggingu Íslands og er iðgjald viðlagatryggingar greitt af þessum lið. Vegagerðin tekur einnig þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Einnig er greiddur kostnaður við burðarþolsútreikninga á brúm vegna þungaundapága. Kostnaður við viðhald brúa og varnargarða á árinu 2016 var alls 453 m.kr.

Umferðaröryggi

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á 73 stöðum á vegakerfinu og nam kostnaður við það um 249 m.kr. Auk þess var unnið við lagfæringar á umhverfi vega á allmörgum stöðum og var kostnaður við það verkefni um 21 m.kr. Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Ríkislögreglustjóra 15 m.kr. vegna úrvinnslu gagna úr sjálfvirkum hraðamyndavélum á árinu 2016. Kostnaður vegna bættra merkinga við einbreiðar brýr, m.a. vegna uppsetningar viðvörnarljósa við þær, var rúmlega 18 m.kr. Til kaupa á, reksturs og umsjónar með sjálfvirkum hraðamyndavélum og öðrum tækjabúnaði var varið rúmlega 26 m.kr. Tæpum 10 m.kr. var varið til greiningar slysastaða, umferðaröryggis-úttekta og umsjónar með verkefninu. Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2016 var tæplega 340 m.kr.

Veggöng

Fjárheimildum til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. greiðslu kostnaðar við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrif og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 37,6 km. Kostnaður vegna reksturs og viðhalds jarðganga var um 159 m.kr. á árinu 2016.

Vatnaskemmdir og ófyrirséð

Fjárheimildin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara ásamt kostnaði við að koma í veg fyrir slíkar skemmdir og önnur ófyrirséð verkefni. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2016 var rúmar 284 m.kr. Víða á landinu urðu minniháttar skemmdir í vatnsveðrum, en í lok árs 2015 gerði mikið vatnsveður á Austurlandi. Einungis var unnt að sinna bráðaviðgerðum á því ári og nam kostnaður við það tæpum 10 m.kr., en stærsti hluti aðgerða frestaðist til 2016 og varð kostnaður á því ári 157 m.kr.

Skaftárhlaup

Skaftárhlaup hófst 1. október 2015 úr Eystri Skaftárkatli. Þá hafði ekki hlaupið úr katlinum síðan 2008. Hlaupið úr Eystri Skaftárkatli var því óvenju mikið vegna þess hvað langt

hafði liðið milli hlaupa. Mikið rof varð á eystri bakka Eldvatns hjá Ásum í hlaupinu og gróf undan eystri stöpli brúarinnar á Eldvatni á Skaftártunguvegi. Við það seig brúin og missti hluta af burðarþoli sínu. Vegna þessa varð að takamarka þunga ökutækja á brúnni og vegna hættu á áframhaldandi rofi á austurbakkanum var sett upp vöktunarkerfi fyrir brúna með myndavélum og sjálfvirkum búnaði til hæðarmælinga. Búist er við því að austurbakki farvegs Eldvatns haldi áfram að rofna og ekki sé mögulegt að halda brúnni á þessum stað til framtíðar. Kostnaður vegna athugana sem gerðar voru á árinu 2016 nam tæpum 6 m.kr.

Viðhald girðinga

Samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 greiðist viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Auk þess getur Vegagerðin að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög ákveðið að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Nánari útfærsla á framkvæmd laganna er skilgreind í reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2016 vegna viðhalds girðinga var 97 m.kr.

Frágangur gamalla efnisnáma

Fjárheimildum er varið til frágangs á gömlum efnisnámaum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnámaum, sem unnin var í júní 2004, var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnámaum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 námaum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á vegáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið mun hægar en áætlað var og á árunum 2004-2016 hefur verið gengið frá 400 námaum, eða að meðaltali tæplega 31 námu á ári. Á árinu 2016 var lokið við frágang á 26 námaum. Kostnaður við frágang á gömlum námaum á árinu 2016 var um 18 m.kr. Nokkur fjöldi náma sem voru á langtímaáætlun hafa verið metnar það uppgrónar að ekki sé þörf á sérstökum frágangi, nokkur námunúmer hafa verið sameinuð og einnig er nokkuð um að landeigendur eða námurétthafar hafi hafið efnistöku að nýju. Þetta hefur leitt til þess að námaum sem eru á ábyrgð Vegagerðarinnar hefur fækkað. Í árslok 2016 eru því á skrá Vegagerðarinnar 324 ófrágengnar námur og þarf því að ganga frá um 75 námaum á ári til að langtímaáætlunin um námufrágang gangi eftir.

Minjar og saga

Fjárheimild var varið til að styrkja minjasafnið á Skógum og til skráningar á ljósmyndum. Heildarkostnaður vegna minja og sögu á árinu 2016 var um 6 m.kr.

4.1.5 Stofnkostnaður

Bráðabirgðalán

Í verksamningi um Norðfjarðargöng er ákvæði um árlegt greiðslupak. Verkið hefur gengið vel og framvindan meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Greiðslupakinn var náð á árinu 2016. Til að verkið stöðvaðist ekki var gefin út skuldarviðurkenning til verktaka samtals að upphæð 324 m.kr. sem greidd var í janúar 2017.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar

Fjárveitingar til stofnkostnaðar vega voru samkvæmt fjárlögum 9.764 m.kr. Af þeirri upphæð eru þó 75 m.kr. ætlaðar til að

mæta afskriftum af mörkuðum tekjum og 1.490 m.kr. voru framlag til iðjuvega/jarðganga við Bakka.

Framlag til vitabygginga var 28,5 m.kr. og til sjóvarnargarða 146,2 m.kr.

Á fjárukalögum I og II var framlag til stofnkostnaðar vega hækkað um 300 m.kr., framlag til sjóvarnargarða hækkað um 89,5 m.kr. og framlag til nýrrar Vestmannaeyjaferju var ákveðið 540 m.kr.

Stofnkostnaður / framkvæmdir

Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni, í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir einstökum vegafamkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra og í fylgiskjali 3 er gerð grein fyrir einstökum hafnaframkvæmdum og framkvæmdum við sjóvarnir og ferjubryggjur. Hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður / framkvæmdir.

Girðingar

Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er mikið óunnið í þeim málum. Í töflu 22 er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2016 og stöðu þessara mála í árslok. Kostnaður við girðingar á árinu 2016 nam 51,6 m.kr.

Landsvegir utan stofnvegakerfis

Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis var notuð til þjónustu, viðhalds og endurbóta á 1.927 km landsvega utan stofnvegakerfis auk 242 km á Fjallabaksleið nyrðri og Sprengisandsleið. Heildarkostnaður við landsvegi á árinu 2016 var 131,7 m.kr. Kostnaður skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar samkvæmt töflu 19.

Verkefni á landsvegum 2016 voru eingöngu bundin við opnun veganna að vori, heflun og lagfæringu á úrrennslum.



Haukadalsskarðsvegur (F586).

Tafla 19 Landsvegir utan stofnvegakerfis.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	45,0
Vestursvæði	14,9
Norðursvæði	48,0
Austursvæði	23,8
Samtals	131,7

Tafla 20 Héraðsvegir.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	25,5
Vestursvæði	22,6
Norðursvæði	3,0
Austursvæði	0,0
Samtals	51,1

Tafla 21 Styrkvegir.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Sameiginlegur kostnaður	0,1
Suðursvæði	6,6
Vestursvæði	15,8
Norðursvæði	9,2
Austursvæði	12,5
Samtals	44,2

Tafla 22 Girðingar.

Svæði	Óafgreitt 1.1.2016		Afgreitt 2016		Nýjar kröfur		Óafgreitt 31.12.2016	
	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðursvæði	53	3	6	3	8	6	55	6
Vestursvæði	89	8	13	3	8	2	84	7
Norðursvæði	23	5	19	0	11	0	15	0
Austursvæði	187	1	4	1	0	0	189	0
Samtals	352	17	42	7	27	8	357	13



Jökulhásleið (570) opnuð 4. júlí 2016.

Suðursvæði: Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Sprengisandsleið (F26), Lakavegi (F206), Fjallabaksleið nyrðri (F208), Fjallabaksleið syðri (F210), Þórsmerkurvegi (F249) og Kerlingarfjallavegi (F347)

Vestursvæði: Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Jökulhásleið (570), Arnarvatnsvegi (F578), Kollafjarðarheiði (66) og Haukadalsskarðsvegi (F586).

Norðursvæði: Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Öskjuleið (F88), Arnarvatnsvegi (F578), Skagafjarðarleið (F752), Mælifellsdalsvegi (756) og Langanesvegi (869).

Austursvæði: Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Austurleið (F910) og Jökulvegi (F985).

Héraðsvegir

Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með

gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráð við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin 51,1 m.kr. til stofnkostnaðar héraðsvega á árinu 2016 og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 20.


Styrkvegir

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2016 nam 44,2 m.kr.og skiptist eins og fram kemur í töflu 21.

Reiðvegir

Kostnaður við reiðvegi á árinu 2016 nam 67,3 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 2,1 m.kr. veitt til Landssambands hestamannafélaga vegna reiðvegaskráningar. Að öðru leyti var fjárhæðinni úthlutað til reiðvegagerðar á vegum hestamannafélaga á grundvelli áætlunar sem gerð var af Landssambandi hestamannafélaga.

Súlurit 10 Fjárveitingar til stofnkostnaðar á verðlagi ársins 2016.



Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður

Vegnr.	Vegheiti	Fjárveitingar
Kaflannr.	Kaflaheiti	2016 m.kr.
4.1.5 Stofnkostnaður		
6.10 Framkvæmdir		
Stofn- og tengivegakerfi		
Almenn verkefni		
Suðursvæði I		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	50
1	Hringvegur	
d4-d5	norðaustan Selfoss, brú á Ölfusá	50
d6	Selfoss – Hveragerði	100
d8	um Hellisheiði	70
208	Skafartunguvegur	
00	um Eldvatn	300
249	Þórsmerkurvegur	
01	breikkun brúar á Seljalandsá	38
Suðursvæði II		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	40
41	Reykjanesbraut	
15	undirgöng í Kópavogi	100
411	Arnarnesvegur	
	Reykjanesbraut – Fífuhvamsvegur	380
	Bætt umferðarflæði, almenningsamgöngur	200
	Umferðarstyring á höfuðborgarsvæðinu	30
	Öryggisaðgerðir	100
	Göngubrýr og undirgöng	100
Vestursvæði		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	50
60	Vestfjarðvegur	
25-28	um Gufudalssveit	300
61	Djúpvvegur	
36-39	Súðavíkurhlíð, snjóflóðavarnir	130
643	Strandavegur	
06	um Bjarnarfjarðarháls	280
Norðursvæði og Austursvæði		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	50
1	Hringvegur	
	Akureyri, öryggisaðgerðir	100
	Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandafliót	50
862	Dettifossvegur	
02-04	Dettifossvegur vestri – Norðausturvegur	500

Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2016

Allar upphæðir eru á verðlagi hvers árs. Kostnaðaráætlunir eru á verðlagi ársins sem gengið er frá samningi.

Suðursvæði

1 Hringvegur d5 um Ölfusá

Umfang verks: Nýr 3,8 km Hringvegur norðaustan Selfoss um nýja brú á Ölfusá við Efri-Laugarðælaeyju.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	9
Vegáætlun 2015	20
Vegáætlun 2016	50
Samtals	79

Verkfrámvinda: Á árunum 2014 - 2016 hefur verið unnið að frumdrögum brúar og undirbúningi landakaupa

Kostnaður	m.kr.
2014	9
2015	20
2016	4
Samtals	33

1 Hringvegur d6 Selfoss – Hveragerði

Umfang verks: Breikkun Hringvegur frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Byggður verður 2+1 vegur með aðskildum akstursstefnum með vegriði í miðdeili og planvegamótum. Hönnun miðar við að breikkað verði síðar í 2+2 veg og gera allar breiddir og rými ráð fyrir þeirri breikkun síðar.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2005	1
Vegáætlun 2006	3
Vegáætlun 2007	4
Vegáætlun 2008	26
Fjárlög 2009	68
Vegáætlun 2010	9
Vegáætlun 2013	1
Vegáætlun 2014	3
Vegáætlun 2015	8
Vegáætlun 2016	100
Samtals	223

Verkfrámvinda: Unnið hefur verið að undirbúningi landakaupa, jarðtæknilegra rannsókna ásamt hönnun. Hönnun var boðin út sumarið 2016 og samið við ráðgjafa í september 2016. Áætlað er að hönnun og gerð útboðsgagna ljúki vorið 2018 og hægt verði að hefja framkvæmdir 2018.

Kostnaður	m.kr.
2005	1
2006	3
2007	4
2008	26
2009	68
2010	9
2013	1
2014	3
2015	8
2016	54
Samtals	177

1 Hringvegur d8 um Hellisheiði

Umfang verks: Breikkun Hringvegur á um 14,8 km löngum kafla frá Hveragerði að Hamragilsvegamótum. Hringvegur er breikkaður í fjórar akreinar um Kamba, en annars í þrjár akreinar. Á allri leiðinni er vegrið milli akstursstefna. Einnig er lagður nýr vegur, Skíðaskálavegur, frá Hamragilsvegi að skíðakála í Hveradölum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 2.100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2006	26
Vegáætlun 2007	25
Vegáætlun 2008	35
Fjárlög 2009	17
Vegáætlun 2010	12
Fjárlög 2011	13
Vegáætlun 2012	3
Vegáætlun 2013	1,100
Flutt á kafla 1-d9, 2013	-218
Flutt á kafla 1-e1, 2013	-56
Vegáætlun 2014	140
Fjárlög 2014	-150
Vegáætlun 2015	880
Flutt af öðrum verkum 2015	59
Vegáætlun 2016	70
Flutt af öðrum verkum 2016	82
Samtals	2.038

Verkfrámvinda: Á árunum 2006-2009 var unnið að hönnun og mati á umhverfisáhrifum Hringvegurinnar milli

Reykjavíkur og Selfoss og var þá miðað við að vegurinn yrði tvær akreinar í hvora átt. Ákveðið var síðan að vegurinn yrði 2+1 vegur að mestu og var unnið að þeirri endurskoðun á árunum 2010-2012. Á árinu 2013 var lokið við hönnun kaflans um Hellisheiði og verkið boðið út í maí það ár. Framkvæmdir hófust um haustið og var aðallega unnið við gerð Skíðaskálavegar, auk þess sem keypt var efni til verksins í undirgöng og vegrið. Á árinu 2014 var unnið við breikkun Hringvegur á öllum kaflanum nema á háheiðinni. Lokið var við tvöföldun vegar með miðjuvegriði um Kamba. Tvenn undirgöng voru sett niður þ.e. í Kömbum og við Gígahnjúksveg. Einnig var lokið við lögn nýs vegar frá Hamragilsvegi að skíðaskála í Hveradölum. Á árinu 2015 var unnið við breikkun Hringvegur á háheiðinni og í Hveradalabrekku. Lokið var við tvöföldun vegar með miðjuvegriði frá Hamragilsvegamótum að Kömbum. Ein undirgöng voru sett niður í Hveradalabrekku. Einnig voru gerðar breytingar á vegamótum Hringvegur við Hamragilsveg, við Skíðaskálaveg, við Gígahnjúksveg og þrjár þjónustugáttir í miðdeili. Á árinu 2016 var unnið við lokafrágang verksins. Um var að ræða yfirborðsmerkingar, frágang fláa og hreinsun öryggissvæðis. Einnig var farið í breytingar við Gígahnjúksvegamót og sett upp veglýsing við Hamragilsvegamót.

Verktaki: Ístak hf., Mosfellsbæ.

Kostnaður	m.kr.
2006	26
2007	25
2008	35
2009	17
2010	12
2011	13
2012	3
2013	177
2014	826
2015	822
2016	82
Samtals	2.038



Hringvegur (1) neðst í Kambabrekku 4. nóvember 2016.

1 Hringvegur

f3 undirgöng við Aðaltún

Umfang verks: Gerð undirganga undir Hringveg (Vesturlandsveg) við Aðaltún í Mosfellsbæ fyrir gangandi og hjólandi umferð, gerð tengistíga við núverandi stígakerfi, niðurbrot núverandi undirganga, auk færslu/breytinga á núverandi veitum og lagningu nýrra veitna.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 168 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	
Göngubrýr og undirgöng	100
Vegáætlun 2015	
Bætt umferðarflæði	42
Vegáætlun 2016	
Bætt umferðarflæði	7
Samtals	149

Verkfrákvæmdaform 2015: Verkið sem var samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar var boðið út í mars 2015 og lauk að mestu í nóvember mánuði. Vorið 2016 verður unnið við lokafrágang við gróður.

Verktaki: Ístak hf., Mosfellsbæ.

Kostnaður	m.kr.
2015	139
2016	10
Samtals	149

1 Hringvegur

f3 strætóbiðstöð við Aðaltún

Umfang verks: Gerð strætóbiðstöðvar á Hringvegi (1) í gegnum Mosfellsbæ á mótis við Aðaltún

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 24 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Bætt umferðarflæði	24



Hringvegur (1), Vesturlandsvegur, strætóbiðstöð við Aðaltún, 31. ágúst 2016.



Landvegur (26), Þjófafossvegur – Landmannaleið, 8. september 2016.

Verkfrákvæmdaform: Verkið sem var samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar var boðið út í júlí 2016 og lauk í september mánuði.

Verktaki: G.M. verk ehf., Reykjavík.

Kostnaður	m.kr.
2016	24

26 Landvegur

04 Þjófafossvegur – Landmannaleið

Umfang verks: Endurlögn Landvegjar á 5,3 km löngum kafla. Í verkingu felst undirbygging, lögn ræsa, burðarlag og slitlag, gerð tenginga og frágangur.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 142 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	1
Vegáætlun 2016	142
Flutt á önnur verk 2016	-20
Samtals	123

Verkfrákvæmdaform: Verkið var boðið út í apríl 2016, framkvæmdir hófust í maí og var þeim að fullu lokið í nóvember mánuði.

Verktaki: Þjótandi ehf.

Kostnaður	m.kr.
2015	1
2016	122
Samtals	123

41 Reykjanesbraut

12 undirgöng í Kópavogi

Umfang verks: Gerð undirganga undir Reykjanesbraut við Skógarlind/Dalveg í Kópavogi.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	100

Verkfrákvæmdaform: Árið 1999 byggði og fjármagnaði Kópavogsbær undirgöng undir Reykjanesbraut við Skógarlind/Dalveg í Kópavogi og var gert ráð fyrir að Vegagerðin endurgreiddi Kópavogsbæ kostnaðinn þegar fjárveitingar fengjust í vegáætlun. Við gerð Arnarvegjar milli Reykjanesbrautar og Fífuhammsvegjar var gert samkomulag við Kópavogsbæ um að endurgreiðsla vegna undirganganna yrði notuð til að fjármagna hlut Kópavogsbæjar í þeirri framkvæmd.

41 Reykjanesbraut

18 hringtorg við Fitjar

Umfang verks: Gerð hringtorgs á Reykjanesbraut við Fitjar ásamt aðlögun aðliggjandi vega að hringtorgi og færslu á lögnum. Einnig er vegamótum Reykjanesbrautar og Hafnarvegjar breytt.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 116 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	
Bætt umferðarflæði	103
Flutt af öðrum verkum 2015	35
Vegáætlun 2016	
Bætt umferðarflæði	25
Flutt á önnur verk 2016	-4
Samtals	159

Verkfrákvæmdaform: Verkið var boðið út í júlí 2015 og lauk framkvæmdum að mestu

í desember. Vorið 2016 var unnið við lokafrágang gróðurs og merkinga.

Verktaki: Ellert Skúlason ehf., Reykjanesbæ.

Kostnaður	m.kr.
2015	138
2016	21
Samtals	159

Skýringar: Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Reykjanesbæjar.

41 Reykjanesbraut

18 undirgöng við Hafnaveg

Umfang verks: Gerð undirganga fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur undir Reykjanesbraut vestan við Hafnaveg. Einnig var vegamótum við Hafnaveg breytt þannig að ekki er lengur mögulegt að taka vinstri beygju af Hafnavegi inn á Reykjanesbraut.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 75 m. kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Göngubrýr og undirgöng	80

Verkfrákvæmdaform: Verkið var boðið út í júlí 2016. Framkvæmdir hófust í ágúst og lauk þeim að mestu í desember en malbikun stíga og lokafrágangangi við undirgöng að innan verður lokið í ársbyrjun 2017.

Verktaki: Ellert Skúlason ehf., Reykjanesbæ

Kostnaður	m.kr.
2016	76



Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg, 14. nóvember 2016.

42 Krýsuvíkurvegur

01 lagfæring vegamóta við Reykjanesbraut

Umfang verks: Minniháttar lagfæring vegamóta til að auðvelda hægri beygju inn á aðreina af Krýsuvíkurvegi inn á Reykjanesbraut.

Framkvæmdaform: Verðkönnun.

Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Bætt umferðarflæði	10

Verkfrákvæmdaform: Framkvæmdir hófust í september 2016 og lauk þeim í október.

Verktaki: Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ.

Kostnaður	m.kr.
2016	10

43 Grindavíkurvegur

01 lagfæring vegamóta við Bláalónsveg

Umfang verks: Lagfæring vegamóta með það að markmiði að auka umferðaröryggi þeirra. Útbúin var sérstök akgrein fyrir umferð sem beygir til vinstri (norðurs) af Bláalónsvegi og umferð frá Grindavík á leið til norðurs leidd framhjá í sér akgrein. Einnig var útbúin afrein fyrir umferð úr norðri á Grindavíkurvegi sem beygir inn á Bláalónsveg. Sett var upp veglýsing.

Framkvæmdaform: Verðkönnun.

Kostnaðaráætlun: 75 m.kr.



Grindavíkurvegur (43), vegamót við Bláalónsveg, 29. september 2016.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Bætt umferðarflæði	88

Verkfrákvæmdaform: Framkvæmdir hófust í ágúst 2016 og lauk þeim í október.

Verktakar: Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ, Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði.

Kostnaður	m.kr.
2016	88



Kjósarskarðsvegur (48), Fremri Háls - Þingvallavegur, efnisvinnsla, 28. júlí 2016.

48 Kjósarskarðsvegur

02 Fremri Háls – Þingvallavegur

Hringvegur 1-g4, Hafnarvegur – Borgarfjarðarbraut		0	0	0	0	0	1	0	2	2	0	0	0	0	0	0	5	
Hringvegur 1-g6, Borgarnes – Hrafnaklettur		0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	
Hringvegur 1-g7 um Borgarnes		0	0	8	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9	
Hringvegur 1-h4, Norðurá – sýslumörk		0	0	0	0	2	1	2	3	0	1	0	0	0	0	0	13	
Borgarfjarðarbraut 50-05, Hvítá – Hringvegur		1	0	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	
Uxahryggjavegur 52-02																		
Borgarfjarðarbraut – Lundareykjadalsvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	
Uxahryggjavegur 52-04, Þverfellsvegur – Kaldadalsvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Snæfellsnesvegur 54-10, Útnesvegur – Útnesvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	0	0	0	3	
Snæfellsnesvegur 54-19, Narfeyri – Drangar		0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
Laxárdalsvegur 59-02, Gröf – sýslumörk		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Vestfjarðavegur 60-04 um Haukadalsá		0	1	0	0	1	0	2	2	0	0	0	0	0	0	0	6	
Vestfjarðavegur 60-36, Dynjandisheiði		1	0	4	0	1	5	0	4	4	5	11	29	64				
Djúpvvegur 61-33, Hvítanesvegur – Hestfjarðará		0	0	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2	
Djúpvvegur 61-34, Fossá – Barðastrandarvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	
Djúpvvegur 61-35, Eyraarkirkjuvegur – Minni-Hattardalsvegur		0	0	0	0	1	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	3	
Innstrandarvegur 68-10, Hvalsá – Djúpvvegur		0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	
Innnesvegur 503-01, Akrafjallsvegur – Akranes		0	0	8	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	
Skorradalsvegur 508-02-03, Dragavegur – Fitjar		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2	
Akranesvegur 509-01, Akrafjallsvegur – Akranes		0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
Akranesvegur 509-02, Akranes – Akranes		0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	
Þverárhliðarvegur 522-03,																		
Sigmundarstaðavegur – Borgarfjarðarbraut		0	0	0	2	1	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	4	
Kaldadalsvegur 550-04,																		
Langjökulsvegur – Hálsasveitarvegur		0	0	0	0	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9	
Langavatnsvegur 553-01, Hringvegur – Þjónustuhús löju		0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1	2	
Útnesvegur 574-09 um Ólafsvík		0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
Arnarvatnsvegur 578-02, Norðlingafjöt		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Haukadalsvegur 586-01, Vestfjarðavegur – Smyrlahóll		0	0	1	0	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	4	
Klofningsvegur 590-01, Vestfjarðavegur – Hafnará		0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
Örlygshafnarvegur 612-03, Kollsvíkurvegur – Hvallátur		0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	
Hafnarvegur Ísafirði 636-01, Djúpvvegur – Sindragata		0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
Strandavegur 643-04, Drangsnesvegur – Asparvík		0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
Strandavegur 643-06, Kolbeinsvíkurá – Djúpvík		0	0	0	0	1	0	1	7	1	1	1	1	0	0	0	12	
Samtals		2	4	22	12	33	10	9	27	9	7	13	44	192				



Vestfjarðavegur (60), Dynjandisheiði, 27. september 2016.

Unnið er að hönnun nýs vegar sem hægt verður að halda opnun að vetri og tengja þannig ný Dýrafjarðargöng við sunnanverða Vestfirði.

Norðursvæði

1 Hringvegur
p7 um Akureyri

Umfang verks: Fjárveiting er til undirbúnings og hönnunar vegna fyrirhugaðra umferðaöryggisaðgerða á Hringvegi í gegnum Akureyri. Einnig til endurbyggingar á gatnamótum Hringvegur og Austurbrúar á Akureyri.
Framkvæmdaform: Akureyrarbær sá um framkvæmd
Kostnaðaráætlun: 41 m. kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	1
Vegáætlun 2016	100
Samtals	102

Verkframingvinna: Á árunum 2014-2016 var unnið að undirbúningi og hönnun vegna öryggisaðgerða. Á árinu 2016 var einnig greiddur kostnaður vegna breytinga á gatnamótum við Austurbrú, en framkvæmdin var í umsjón Akureyrarbæjar.

Verktakar: Á vegum Akureyrarbæjar.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	1
2016	41
Samtals	43

1 Hringvegur
r5 um Jökulsá á Fjöllum

Umfang verks: Fjárveitingin er vegna undirbúnings og hönnunar brúar á Jökulsá á Fjöllum.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2005	3
Vegáætlun 2006	6
Vegáætlun 2007	4
Vegáætlun 2010	9
Vegáætlun 2011	2
Vegáætlun 2012	4
Vegáætlun 2013	8
Vegáætlun 2014	23
Vegáætlun 2015	12
Vegáætlun 2016	50
Samtals	121

Verkframingvinna: Á árunum 2005-2013 var unnið við jarðvegsathuganir og frumhönnun vegna brúar á Jökulsá á Fjöllum í nýrri veglínu sunnan núverandi brúar. Þegar jarðskjálftahrina hófst í Bárðarbungu og í framhaldi af henni eldgos í Holuhrauni voru hugsanleg flóð í Jökulsá á Fjöllum vegna eldgoss í Bárðarbungu endurskoðuð og í framhaldi af því gerðar nýjar áætlanir um brú sem staðsett væri norðan núverandi brúar og er kostnaður á árunum 2014-2016 vegna þeirrar endurskoðunar.



Hringvegur (1) á Akureyri, 30. janúar 2016.

Kostnaður	m.kr.
2005	3
2006	6
2007	4
2010	9
2011	2
2012	4
2013	8
2014	23
2015	12
2016	10
Samtals	81

76 Siglufjarðarvegur
10 Strákagöng

Umfang verks: Setja upp neyðarsímaskápa á sex stöðum, setja upp ljósleiðarakerfi og stjórnkerfi sem stýrir neyðarsímaskápanum og öðrum merkjum sem tengd eru kerfinu. Setja lýsingu í útskot. Til að gera þetta þurfti að endurnýja tæknirými, skipta út aðal-töflu í tæknirými, setja upp varaafli á



Strákagöng, 6. september 2016.

tveimur stöðum og leggja rafstreng eftir göngunum.
Framkvæmdaform: Vinna við rafkerfi, útboð. Vinna við endurnýjun tæknirýmis, samningur.
Kostnaðaráætlun: 42 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	
Öryggisaðgerðir í jarðgöngum	21
Flutt af öðrum verkum 2015	14
Af viðhaldi jarðganga 2016	9
Samtals	44

Verkframingvinna: Á árinu 2015 var unnið við tæknirými, raflagnir og neyðarsímaskápa og var verkefnið u.p.b. hálfnað um áramót. Verkinu var að fullu lokið 2016.
Verktakar: Endurbætur á rafkerfi: Tengill ehf., Sauðárkróki. Smíðavinna í tæknirými: L7 ehf., Siglufirði.

Kostnaður	m.kr.
2015	35
2016	9
Samtals	44

82 Ólafsfjarðarvegur
06 Múlagöng endurbætur

Umfang verks: Endurbætur á rafkerfi Múlaganga með uppsetningu neyðarstöðvaskápa með sínum og slökkvi-tækjum. Endurbætur á lýsingu ganganna og upplýstra umferðarmerkja. Uppsetning stýrikerfis fyrir göngin og tenging búnaðar við stýrikerfi þeirra.
Framkvæmdaform: Endurbætur á rafkerfi: útboð. Sprengingar vegna tæknirýma: samningur.
Kostnaðaráætlun: 230 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2012	12
Vegáætlun 2013	
Öryggisaðgerðir í jarðgöngum	90
Vegáætlun 2014	
Öryggisaðgerðir í jarðgöngum	200
Flutt af öðrum verkum 2015	16
Af viðhaldi jarðganga 2016	1
Samtals	319

Verkframingvinna: Á árinu 2012 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins, sem var boðið út í júní 2013. Á árinu 2013 voru sprengdir tveir hellar fyrir tæknirými. Grafinn var skurður í öxl og lagður í hann rafstrengur og ídráttarrör. og unnið var að smíði skápa og öðrum undirbúningi á verkstæði. Á árinu 2014 var unnið að uppsetningu og tengingu búnaðar, neyðarsíma, GSM og TETRA auk betri lýsingar. Á árinu 2015 var sett upp neyðarlýsing meðfram gangavegg, blásarar settir upp og skipt um hurðastýringar. Á árinu 2016 var unnið við lokafrágang á stýrikerfi ganganna.
Verktakar: Endurbætur á rafkerfi: Rafmenn ehf., Akureyri. Sprengingar vegna tæknirýma: Þórsverk ehf., Reykjavík. Stýrikerfi: Efla ehf. og Raftákn ehf., Akureyri.

Kostnaður	m.kr.
2012	12
2013	90
2014	162
2015	54
2016	1
Samtals	319



Tindastólsvegur, efnisrannsóknir, 12. maí 2016.



Múlagöng, prófun búnaðar 6. september 2016.

704 Miðfjarðarvegur
01 Hringvegur – Staðarbakki

Umfang verks: Endurbygging Miðfjarðarvegur á 3,8 km kafla frá Hringvegi að Staðarbakka. Einnig nýbygging á tengingu Hálsabæjarvegur við Miðfjarðarveg, endurbygging heimreiðar að Melstað ásamt bílastæði við Melstaðarkirkju og nýbygging hluta heimreiðar að Staðarbakka. Einnig felst í verkinu breikkun Hringvegur á 260 m löngum kafla við ný vegamót Miðfjarðarvegur og á um 135 m löngum kafla við vegamót Heggstaðanesvegur.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 166 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	1
Vegáætlun 2010	3
Vegáætlun 2014	9
Vegáætlun 2015	
Tengivegir	125
Vegáætlun 2016	
Tengivegir	60
Fært á önnur verk	-6
Samtals	192

Verkframingvinna: Á árunum 2009-2014 var unnið að undirbúningi og hönnun. Verkið var boðið út í mars 2015 og á árinu var unnið við fyllingar, burðarlag og efnisvinnslu. Á árinu 2016 var

unnið við burðarlag, bundið slitlag og frágang vegsvæðis. Verkinu lauk á árinu 2016 nema eftir er lítilsháttar vinna við uppgræðslu.
Verktaki: Vörubifreiðastjórafélagið Mjólnir, Selfossi.

Kostnaður	m.kr.
2009	1
2010	3
2014	9
2015	110
2016	68
Samtals	191

731 Svinvetningabraut
03 Kjalvegur – Hringvegur

Umfang verks: Endurbygging á vegi og bundið slitlag lagt á 5 km langan kafla frá Kjalvegi að Hringvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 137 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	3
Vegáætlun 2016	
Tengivegir	107
Samtals	111

Verkframingvinna: Á árunum 2014 og 2015 var unnið að undirbúningi og verkhönnun. Verkið boðið út í apríl 2016 og lauk að fullu á árinu.
Verktaki: Viðímelsbræður ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	3
2016	107
Samtals	111

746 Tindastólsvegur
01 Þverárfjallsvegur – skíðasvæði

Umfang verks: Minni háttar lagfæringar og bundið slitlag lagt á veginn upp að skíðasvæðinu í Tindastóli. Lengd kafla 4,0 km.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 77 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2008	1
Vegáætlun 2009	2
Vegáætlun 2010	1
Vegáætlun 2016	
Tengivegir	3
Viðbót við fjárlög 2016	70
Samtals	77

Verkfrákvinda: Á árunum 2008-2010 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið boðið út í júní 2016 og lauk að fullu á árinu.

Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður	m.kr.
2008	1
2009	2
2010	1
2016	73
Samtals	77

764 Hegranesvegur
02 Ás – Sauðárkróksbraut

Umfang verks: Endurbygging á vegi og bundið slitlag á 4,3 km kafla frá Ási að Sauðárkróksbraut.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 199 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	1
Vegáætlun 2016	
Tengivegir	178
Samtals	180

Verkfrákvinda: Á árunum 2014 og 2015 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í maí 2016 og unnið



Dettifossvegur (862), 25. ágúst 2016.

við endurbyggingu vegarins undir slitlag. Áætluð verklok eru 2017.

Verktakar: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	1
2016	90
Samtals	92

826 Hólavegur
01 Hrisar – Grænahlíð

Umfang verks: Endurbygging Hólavegar á 2,9 km kafla milli Hrisa og Grænuhlíðar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 130 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	1
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	
Tengivegir	86
Vegáætlun 2016	
Tengivegir	37
Samtals	125

Verkfrákvinda: Á árunum 2009 og 2014 var unnið að undirbúningi og hönnun. Verkið var boðið út í maí 2015 og lauk vinnu við fyllingar, burðarlag og efnisvinnslu á árinu. Sumarið 2016 var unnið við burðarlag, bundið slitlag og frágang vegsvæðis og lauk verkinu að fullu.

Verktaki: G. Hjálmarsson ehf., Akureyri.

Kostnaður	m.kr.
2009	1
2014	1
2015	74
2016	49
Samtals	125

862 Dettifossvegur
02 Dettifossvegur vestri – Hólmatungur
03-04 Vesturdalsvegur – Norðausturvegur

Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins var nýbygging á 3,24 km löngum kafla Dettifossvegur frá Meiðavallaskógi að Norðausturvegi. Annar áfangi verksins var nýbygging á 4,5 km löngum kafla Dettifossvegur frá Ásheiði að Meiðavallaskógi. Þriðji áfangi verksins var nýbygging á 7,7 km löngum kafla frá Dettifossvegi vestri niður á mótis við Hólmatungur.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun	m.kr.
Fyrsti áfangi	207
Annar áfangi	534
Þriðji áfangi	387
Samtals	1.128

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	4
Vegáætlun 2010	9
Vegáætlun 2011	20
Vegáætlun 2012	16
Vegáætlun 2013	23
Vegáætlun 2014	200
Fjárlög 2014	-200
Vegáætlun 2015	
Almenn verkefni	212
Vegáætlun 2015	
Viðbótarfé	400
Vegáætlun 2016	500
Samtals	1.184

Verkfrákvinda: Á árunum 2009-2013 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Fyrsti áfangi var boðinn út í apríl 2014 og um haustið var unnið við fyllingar og neðra burðarlag. Fyrsta áfanga útboðsverksins lauk í júní 2015 en eftir er að leggja efra lag klæðingar og ganga frá áningarstað. Annar áfangi verksins var boðinn út í júní 2015 (8,9 km), en vegna þess að tilboðin sem bárust voru óaðgengileg var áfanginn boðinn út aftur í júlí og þá hafður styttri (4,5 km). Vinnu við fyllingar og neðra burðarlag lauk að mestu árið 2015. Á árinu 2016 var lokið við fyrsta og annan áfanga með bundnu slitlagi. Þriðji áfangi, sem var bygging vegarins upp að burðarlagi, var boðinn út í maí 2016 og unnið við undirbyggingu og burðarlag vegarins. Verklok eru áætluð í ágúst 2017.

Verktakar: Fyrsti áfangi: Árni Helgason ehf., Ólafsfirði. Annar og þriðji áfangi: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.



Dettifossvegur (862), 25. ágúst 2016.

Kostnaður	m.kr.
2009	4
2010	9
2011	20
2012	16
2013	23
2014	84
2015	381
2016	482
Samtals	1.019

Bakkavegur Húsavíkur
Bökugarður – Bakki

Umfang verks: Framkvæmdin nær yfir gröft jarðganga, smíði vegskála við gangaenda, klæðingu ganga, jarðvatnslagnir og rafbúnað ásamt vegagerð í göngum og vegagerð frá höfn að göngum og frá göngum að iðnaðarsvæði ásamt brimvörn og lögn vatnsveitu- og fráveitulagnar í göngin. Heildarlengd ganga með vegskálum er áætluð 992 m og heildarlengd nýrra vega um 2,1 km. Endurgera á hluta brimvarnar á Bökugarði og færa út og framlengja hana síðan til norðurs meðfram vegi að gangamunna. Lengdin er um 400 m.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 3.100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2007	2
Fjárlög 2011	1
Fjárlög 2013	100
Vegáætlun 2014	650
Fjárlög 2014	-650
Vegáætlun 2015	850
Vegáætlun 2016	1.490
Afreiknað álag 2016	130
Samtals	2.573

Verkfrákvinda: Á árunum 2007-2011 var unnið að skoðun á veglínunum og frumdrögum og í lok árs 2011 var



Húsavíkurhöfðagöng, 18. apríl 2016.

verktökum í lok júlí 2015. Tilboð voru opnuð 15. september. Samningur við verktaka var undirritaður 14. október 2015. Framkvæmdir hófust 5. október í námu og 19. október var byrjað að vinna við forskeringu. Unnið var við forskeringu að sunnan, lögn námuvegur að grjótnámu í Skurðsbrúnum og opnun hennar og auk þess uppsetningu vinnubúða. Útboð á eftirliti var sent út í júlí 2015 og var samningur undirritaður í desember. Á árinu 2016 var unnið við jarðgöng, efnisvinnslu, vegagerð og brimvarnargarð. Fyrsta sprenging í jarðgöngum var 10. mars og síðasta 24. ágúst. Unnið var við styrkingar á göngum og byrjað á lagnavinnu. Lokið var að mestu við undirbyggingu vegar, frágangi vegsvæðis og að hluta vinnu við burðarlag. Vinnu við brimvarnargarð var að mestu lokið á árinu 2016.

Verktaki: Leonhard Nilsen & Sønner AS, Noregi. Umsjón og eftirlit: Verkís hf., Reykjavík og Mannvit hf., Kópavogi.

Kostnaður	m.kr.
2007	2
2011	1
2013	62
2014	90
2015	311
2016	1.748
Samtals	2.214

Skýringar: Verkið er unnið í samstarfi við hafnarsjóð Norðurþings, Sveitarfélagið Norðurþing og Orkuveitu Húsavíkur. Þessir aðilar eru verkkaupar að samtals um 12,5% af verkinu. Sá hluti er ekki innifalinn í kostnaðaráætlun.

Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

Fjármögnun:	m.kr.
Fjármögnun fyrir 2016	225
Vegáætlun 2016	28
Samtals	253

Verkefni:	Ár:	kostnaður í m.kr.														Samtals
		2005	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16			
Hringvegur 1-k9, Reykjabraut – Blönduós		0	0	1	0	3	5	4	7	1	0	0	0	21		
Hringvegur 1-m0, Svínvetningabraut – Blönduós		0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	3			
Hringvegur 1-m3, Hvammur – Svínvetningabraut		0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1			
Hringvegur 1-m4, Svínvetningabraut – Víðivörðuháls		0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	2			
Hringvegur 1-m5, Víðivörðuháls – Skagafjarðarvegur		0	0	0	1	0	0	3	4	0	0	0	8			
Hringvegur 1-m7 um Skagafjörð		0	0	0	0	3	2	0	0	0	0	0	6			
Hringvegur 1-p5,																
Ólafsfjarðarvegur – Dagverðareyjarvegur		0	0	0	0	0	1	1	1	5	4	0	12			
Hringvegur 1-q6 um Skjálfafljót		1	2	1	0	0	1	0	0	0	2	1	8			
Sprengisandsleið 26-12 til 26-16, Kvíslavegur – Nýdalur		0	0	0	0	0	0	5	2	1	46	19	66			
Skagastrandarvegur 74-01,																
Hringvegur – Pverárfjallsvegur		0	1	0	0	4	1	2	3	0	0	1	13			
Siglufjarðarvegur 76-08 um Flókadalsá		0	0	0	0	1	0	0	2	0	0	0	3			
Siglufjarðarvegur 76-13, Hafnarvegur – Norðurtún		0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	2			
Norðausturvegur 85-02 um Skjálfafljót		1	1	0	0	2	6	2	0	16	3	1	34			
Norðausturvegur 85-04, Kísilvegur – Húsavík		0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1			
Norðausturvegur 85-27, Langanesvegur – sýslumörk		0	0	0	0	0	2	0	2	2	4	5	16			
Norðausturvegur 85-31, sýslumörk – Finnafjarðará		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	7			
Kísilvegur 87-02, veðurstöð – Geitafellsá		0	1	2	3	4	0	0	0	0	0	15	25			
Vatnsnesvegur 711-03,																
Bergsstaðir – Þorgrímsstaðavegur		0	0	0	0	1	0	1	0	0	0	0	2			
Vatnsdalsvegur 722-01, Hringvegur – Undirfellsrétt		0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1			
Skarðsvegur 793-01, Siglufjarðarvegur – skíðasvæði		0	0	0	0	0	0	0	0	1	2	0	3			
Dagverðareyjarvegur 816-01,																
Hringvegur – Ólafsfjarðarvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2			
Eyjafjarðarbraut vestri 821-01,																
Flugvallarvegur – Kristnesvegur		0	0	0	0	4	0	0	0	0	0	0	4			
Eyjafjarðarbraut vestri 821-01, Kristnesvegur – Miðbraut		0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2			
Eyjafjarðarbraut eystri 829-02,																
Miðbraut – Eyjafjarðarbraut vestri		0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	2			
Bárðardalsvegur vestri 842-01,																
Hringvegur – Hlíðarendavegur		0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	8			
Mývatnssveitarvegur 848-01, Hringvegur – Garðsvegur		0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1			
Samtals		2	6	6	6	23	23	19	24	25	60	31	253			



Norðausturvegur (85) um Skjálfafljót, 23. júní 2016. Unnið hefur verið að hönnun og undirbúningi nýrrar brúar um árabíl. Myndin sýnir verkpalla þegar núverandi brú var styrkt með koltrefjaplötum vegna flutninga á steypuefni fyrir framkvæmdir á Bakka við Húsavík.

Austursvæði

1 Hringvegur t9 Suðurbyggðavegur – slitlagsendi
Umfang verks: Endurbygging Hringvegur með bundnu slitlagi á 1,4 km löngum kafla frá Ásunnarstöðum inn fyrir vegamót á Suðurbyggðavegi.
Framkvæmdaform: Samningsverk
Kostnaðaráætlun: 19 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Tengivegir	3
Viðbót við fjárlög 2016	19
Samtals	22

Verkframingva: Kaflinn var endurbyggður, styrktur og lögð á hann klæðing.

Verktakar: Endurbygging og styrking vegar í umsjá Vegagerðarinnar og Klæðir ehf., Egilsstöðum, sá um útlögn klæðingar

Kostnaður	m.kr.
2016	22

1 Hringvegur u4 um Berufjarðarbotn

Umfang verks: Nýbygging vegar 4,9 km ásamt 50 m langri brú og veltengingum að tveimur bæjum samtals 1,6 km.
Kostnaðaráætlun: 1.270 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	1
Vegáætlun 2010	1
Vegáætlun 2011	1
Vegáætlun 2012	2
Vegáætlun 2013	1
Vegáætlun 2014	12
Vegáætlun 2015	29
Vegáætlun 2016	200
Samtals	247

Verkframingva: Á árunum 2009-2015 var unnið að hönnun og undirbúningi. Á árinu 2016 var unnið að samningum við landeigendur ásamt undirbúningi og verkhönnun fyrir útboð verksins.

Kostnaður	m.kr.
2009	1
2010	1
2011	1
2012	2
2013	1
2014	12
2015	29
2016	24
Samtals	71

1 Hringvegur v8 um Hornafjarðarfljót

Umfang verks: Nýbygging vegar, 18 km með fjórum brúm, yfir Bergá 52 m, yfir Hoffellsá 114 m, yfir Hornafjarðarfljót 250 m, yfir Djúpa 52 m, ásamt 4 veg-

tengingum samtals 3,6 km.
Kostnaðaráætlun: 4.600 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2005	1
Vegáætlun 2006	26
Vegáætlun 2007	32
Vegáætlun 2008	10
Vegáætlun 2009	4
Vegáætlun 2010	3
Vegáætlun 2011	1
Vegáætlun 2012	3
Vegáætlun 2013	15
Vegáætlun 2014	23
Vegáætlun 2015	34
Vegáætlun 2016	88
Samtals	240

Verkframingva: Á árunum 2005-2013 var unnið að rannsóknun, frumdrögum og mati á umhverfisáhrifum verkefnisins. Á árunum 2014-2016 var unnið að for- og verkhönnun vegar og brúa ásamt samningum við landeigendur og undirbúningi útboðs.

Kostnaður	m.kr.
2005	1
2006	26
2007	32
2008	10
2009	4
2010	3
2011	1
2012	3
2013	15
2014	23
2015	34
2016	68
Samtals	220

1 Hringvegur y0 um Morsá

Umfang verks: Nýbygging á um 3 km löngum vegarkafla um farveg Skeiðarár



Morsá, steypuvinna 16. október 2016. Skeiðarárbrú í baksýn.

ásamt 68 m langri nýrri brú á Morsá í stað brúar á Skeiðará.

Framkvæmdaform: Útboð og samningur.

Kostnaðaráætlun: 430 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	
Breikkun brúa	81
Vegáætlun 2016	
Breikkun brúa	100
Bráðabirgðalán 2016	177
Samtals	359

Verkframingva: Unnið var að hönnun og undirbúningi vegna vegar og brúar á árunum 2014 og 2015. Í lok árs 2015 var unnið að aðstöðusköpun fyrir brú á Morsá, niðurrekstur á staurum undir sökkla og byrjað á byggingu þeirra. Á árinu 2016 var byggð ný brú á Morsá og unnið að undirbúningi og hönnun fyrir útboð á gerð vegar.

Verktakar: VHE ehf. framleiddi niðurrekstrarstaura. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um framkvæmdir við brú á Morsá.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	64
2016	294
Samtals	359

85 Norðausturvegur 43 Vopnafjörður – Brunahvammsháls

Umfang verks: Fyrri áfangi verksins var nýbygging á 11,2 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Hölkna að Pyttalæk á Bunguflóa. Síðari áfangi verksins var nýbygging á 30,4 km löngum kafla frá Pyttalæk á Bunguflóa að þéttbýlinu við Vopnafjörð. Einnig nýbygging á Hofsdalsvegi sem er 7 km langur og liggur á milli Vesturárdals og Hofsdals. *Framkvæmdaform:* Útboð.

Kostnaðaráætlun	m.kr.
Fyrri áfangi	450
Síðari áfangi	1.950
Samtals	2.400
Fjármögnun	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	19
Vegáætlun 2007	100
Vegáætlun 2008	329
Breyting 2008	-81
Flutt á endurheimt votlendis	-1
Fjárlög 2009	814
Vegáætlun 2010	517
Flutt á önnur verk 2010	-96
Fjárlög 2011	500
Vegáætlun 2012	235
Vegáætlun 2014	106
Flutt á 85-40, 2014	-16
Flutt af öðrum verkum 2015	9
Flutt af öðrum verkum 2016	1
Samtals	2.436

Verkframingvinda: Á árunum 2005-2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verkanna. Fyrri áfangi verksins var boðinn út í nóvember 2007 og samið við verktakann í desember. Verktaki lauk að mestu gerð neðra burðarlags á árinu 2008 og var verkinu lokið að fullu haustið 2009. Síðari áfangi verksins var boðinn út í mars 2009 og hófust framkvæmdir í júní. Á árunum 2009-2010 var unnið við byggingu vegarins frá Pyttalæk að Vopnafirði. Á árinu 2011 var lokið við að leggja bundið slitlag á 30,4 km frá Pyttalæk að Vopnafirði og var vegurinn opnaður í september. Undirbyggingu kaflans á Hofsdalsvegi var að mestu lokið 2011 þegar verktak-

inn fór í þrot og framkvæmdir stöðvuðust. Ákveðið var að bjóða út að nýju hluta Hofsdalsvegur haustið 2012. Árið 2012 var einnig unnið við girðingar og uppgræðslu á svæðinu. Það sem eftir var af verkinu, sem var að ljúka við Hofsdalsveg og heimreiðar í Vesturárdal, var boðið út vorið 2013. Verkinu lauk að mestu haustið 2013, en eftir var smávægileg vinna við frágang náma og landgræðslu. Kostnaður á árinu 2014 er lögfræðikostnaður og önnur sérfræðipjónusta vegna gjaldþrots verktaka. Auk þess var unnið við girðingar, frágang á námum og uppgræðslu. Kostnaður ársins 2015 er vegna lögfræðivinnu vegna gjaldþrots KNH ehf. og uppgræðslu vegsvæðis. Kostnaður á árinu 2016 er vegna lögfræðivinnu vegna gjaldþrots KNH ehf. **Verktakar:** Fyrri áfangi: Suðurverk hf., Hafnarfirði. Síðari áfangi: KNH ehf., Ísafirði. Eftir gjaldþrot KNH ehf., Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður	m.kr.
2005	8
2006	18
2007	24
2008	316
2009	814
2010	421
2011	500
2012	81
2013	229
2014	15
2015	9
2016	1
Samtals	2.436

92 Norðfjarðarvegur

10 Norðfjarðargöng

Umfang verks: Gerð 7,9 km jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, lögn 7 km af nýjum vegum og bygging brúa á Eskifjarðará og Norðfjarðará. **Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.

Kostnaðaráætlun: 12.100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2006	1
Vegáætlun 2007	91
Vegáætlun 2008	88
Fjárlög 2009	36
Vegáætlun 2010	22
Fjárlög 2011	13
Vegáætlun 2013	
Jarðgangaáætlun	1.200
Vegáætlun 2014	
Jarðgangaáætlun	3.170
Vegáætlun 2015	
Jarðgangaáætlun	3.000
Vegáætlun 2016	
Jarðgangaáætlun	3.000
Afreiknað álag 2016	482
Bráðabirgðalán 2016	6
Samtals	11.109

Verkframingvinda: Á árunum 2006-2010 var unnið að rannsóknunum, leiðarvali og undirbúningi jarðgangagerðar. Á árinu 2011 var unnið við áframhaldandi hönnun og samninga við landeigendur. Vegna fyrirsjáanlegs dráttar á framkvæmd var tekin sú ákvörðun að kosta til lagfæringa á Oddsskarðsgöngum á því ári. Á árinu 2012 var unnið að lokahönnun mannvirkja og fór forval vegna Norðfjarðarganga fram síðari hluta árs 2012. Útboðsgögn voru afhent í febrúar 2013 og tilboð opnuð í apríl. Samningur við aðalverktaka var undirritaður á Norðfirði 14. júní 2013 og hófst vinna á verkstað í byrjun september við uppsetningu aðstöðu verktaka. Vinnu við forskeringu Eskifjarðarmegin var lokið í byrjun nóvember og hófst jarðgangagröftur í framhaldi af því. Formleg ræsing jarðgangagraftar var gerð 14. nóvember. Í lok árs var búið að grafa 309 m frá Eskifirði. Vinna við forskeringu Norðfjarðarmegin hófst 22. nóvember. Til þess að jarðganga-verktaki kæmist að gangamunna Norðfjarðarmegin var sumarið 2013 gerður vegslóði í veglínunni frá Norðfjarðará og inn að gangamunna í Fannardal og bygging brúar á Norðfjarðará var boðin út í mars. Byggingu brúar lauk í október 2013. Í apríl 2013 var boðið út eftirlit með framkvæmdinni og samið við ráðgjafa í júní. Á árinu 2013 var gengið frá samningum við flesta landeigendur og Fjarðabyggð. Allt árið 2014 var unnið að greftri Eskifjarðarmegin og grafnir 2.396 m. Norðfjarðarmegin var lokið við



Norðfjarðargöng, vinna við tækni- og öryggisrymi 28. nóvember 2016.

forskeringu og hófst jarðgangagröftur 6. mars og voru grafnir 2.174 m á árinu þeim megin. Alls var búið að grafa um áramót 4.879 m eða 65% af göngum í bergi. Utan ganga var unnið að sjávarfyllingu Eskifjarðarmegin og var henni lokið að um það bil þremur fjórðu hlutum. Norðfjarðarmegin var gerð vegfylling frá munna niður fyrir brú á Norðfjarðará. Um áramót var lokið um fjórðungi vegagerðar í Norðfirði. Á árinu 2015 var gangagreftri haldið áfram og var gegnunslag í september. Í lok árs var lokastyrking ganganna langt komin, en önnur vinna í göngum ekki hafin. Vegskáli Fannardalsmegin var steiptur upp nema ein færa. Unnið var að vegagerð utan ganga og var gerð fylling mjög langt komin báðum megin en ekkert farið að vinna við neðra burðarlag nema efnisvinnslu. Boðin var út og smíðuð brú á Eskifjarðará, 58 m löng í þremur höfum. Fyllt var að brúnni. Á árinu 2016 voru fyrst lögð flutningsrör fyrir jarðvatn og iðráttarrör Landsnets fyrir háspennustrengi. Vinna við uppsetningu vatnslæðingar hófst af fullum þunga í júlí og lauk alveg í árslok. Á meðan unnið var að klæðingu var lítið annað gert inni í göngunum. Lokið var við vegskála Norðfjarðarmegin í ársbyrjun. Smíði vegskála Eskifjarðarmegin hófst í júní og lauk í lok september. Eftir það var undirgangur fyrir Dalbraut byggður og lauk því verki í nóvember. Unnið var að vegagerð utan ganga báðum megin ganga, efnisvinnlu og fleiru en frekar minna en hin árin. **Verktakar:** Jarðgangagerð og vegir að göngum: Metrostav a.s. Tékklandi og Suðurverk hf., Kópavogi. Brýr á Norðfjarðará og Eskifjarðará: Vélsmiðja Hjalta Einarssonar ehf., Hafnarfirði. Niðurrekstur undir brýr: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Eftirlit: Hnit hf., Reykjavík.

Kostnaður	m.kr.
2006	1
2007	91
2008	88
2009	36
2010	22
2011	13
2012	89
2013	1.167
2014	3.700
2015	3.624
2016	2.279
Samtals	11.109

93 Seyðisfjarðarvegur 02-03 Fjarðarheiðargöng

Umfang verks: Könnun á jarðganga-kostum undir Fjarðarheiði, milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs.



Fjarðarheiðargöng, rannsóknarborun 13. júní 2016.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	
Jarðgangaáætlun	30
Vegáætlun 2015	
Rannsóknir	70
Vegáætlun 2016	
Rannsóknir	80
Álag á framkvæmdir	10
Samtals	190

Verkframingvinda: Aðallega hafa verið skoðaðar tvær jarðgangaleiðir sem opnast á mismunandi stöðum Héraðsmegin, það er við Miðhúsaá og Dalhús. Unnið var að hönnun vegar að mögulegum munnastað í Seyðisfirði og á báðum ofanefndum stöðum á Héraði. Tillaga um munna Seyðisfjarðarmegin er í um 130 m hæð gegnt Gufufossi. Á Héraði er tillaga á báðum stöðum um munna í 130-140 m hæð og mælt með munna við Dalhús. Árið 2014 var einnig unnið að jarðfræðiathugunum og boruð 430 m djúp rannsóknarhola nærri miðri Fjarðarheiði, sem gagnast báðum jarðgangaleiðum. Ekki tókst að bora holuna eins djúpt og áætlað var en það minnkar gildi hennar ekki mikið. Á árinu 2015 vann Jarðfræðistofan ehf. áfram að jarðfræðiathugunum á yfirborði og undirbúningi á rannsóknarborun 2016. Gerð voru drög að áhættugreiningu fyrir 13,5 km jarðgöng af HOJ Consulting GmbH í Sviss. Skrifuð var yfirlitsskýrsla um mengun frá jarðgöngum með sérstöku tilliti til Fjarðarheiðarganga sem verður að hluta grundvöllur mats á umhverfisáhrifum. Á árinu 2016 var unnið að rannsóknarborunum þar sem boraðar voru 5 kjarnaholur samtals um 1.300 m og 3 loftholur samtals um 300 m. Unnið var að áframhaldandi jarðfræðirannsóknunum

ásamt frumhönnun vega utan jarðganga og brúar á Eyvindará.

Verktaki: Rannsóknarborun: Geotækni ehf., Selfossi.

Rannsóknarborun 2016. Alvarr ehf., Reykjavík

Kostnaður	m.kr.
2014	64
2015	22
2016	87
Samtals	173

93 Seyðisfjarðarvegur

03 Gagnheiðarvegur – Seyðisfjörður (Öryggisaðgerðir)

Umfang verks: Endurbætur á vegsvæði yfir Fjarðarheiði á 8 svæðum á samtals 6,7 km og uppsetning vegriða á um 1,1 km.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 99 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	4
Vegáætlun 2016	100
Samtals	104

Verkframingvinda: Verkið var fyrst boðið út í júlí 2016, en þar sem tilboð voru óaðgengileg var þeim hafnað og boðið út aftur í ágúst. Á árinu 2016 var að mestu lokið við fyllingar og endurbætur á vegsvæðum u.þ.b. 6 km og settir niður 1.116 m af vírvegriði og 48 m af bita-vegriði.

Verktakar: Fyllingar og endurbætur: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Vegriði: Rekverk ehf., Akureyri.

Kostnaður	m.kr.
2015	4
2016	71
Samtals	75

**925 Hróarstunguvegur
01 Hringvegur – Húseyjarvegur
(utan Árbakka)**

Umfang verks: Endurbýgging Hróarstunguvegar með bundnu slitlagi á 0,7 km löngum kafla utan við bæinn Árbakka.

Framkvæmdaform: Verðfyrirspurn.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Tengivegir	1
Viðbót í fjárlögum 2016	16
Samtals	17

Verkframingvinda: Á árinu 2016 var kaflinn endurbýggður, styrktur og lögð tvöföld klæðing.

Verktakar: Endurbýgging og styrking. Ylur ehf., Egilsstöðum.

Klæðing: Klæðir ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður	m.kr.
2016	17

**925 Hróarstunguvegur
04 um Urriðavatn**

Umfang verks: Endurbýgging á 1,28 km löngum kafla Hróarstunguvegar um Urriðavatn.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2016	1
Vegáætlun 2016	2
Tengivegir	2
Samtals	3

Verkframingvinda: Unnið var að undirbúningi og verkhönnun á árinu 2016.

Kostnaður:	m.kr.
2001	1

**931 Upphéraðsvegur
02 Hof – Skeggjastaðir**

Umfang verks: Endurbýgging Upphéraðsvegur með bundnu slitlagi á 2,2 km löngum kafla frá Hofi að slittlagsenda við Skeggjastaði.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 68 m.kr.



Upphéraðsvegur (931), Hof - Skeggjastaðir, 26. október 2016.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	2
Vegáætlun 2016	63
Tengivegir	63
Samtals	65

Verkframingvinda: Á árinu 2015 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í maí 2016 og lauk því á árinu. *Verktaki:* Ylur ehf., Egilsstöðum

Kostnaður	m.kr.
2015	2
2016	61
Samtals	63

**939 Axarvegur
01 um Yxnagilsá**

Umfang verks: Stórt ræsi sett fyllingu vegar í stað einbreiðrar brúar á Yxnagilsá

Framkvæmdaform: Samningsverk.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	7
Smábrýr	7

Verkframingvinda: Á árinu 2016 var fjarlægð einbreið brú á Yxnagilsá og sett stórt ræsi í staðinn. Vegurinn var hækkaður um farveginn.

Verktakar: Verkið unnið í umsjá Vegagerðarinnar.

Kostnaður	m.kr.
2016:	7

**939 Axarvegur
02 Ódáðavatsvegur – Hringvegur**

Umfang verks: Bætt aðkoma með bundnu slitlagi við tvær einbreiðar brýr og að tveimur ristarlíðum

Framkvæmdaform: Samningsverk.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	6
Viðbót við fjárlög 2016	6

Verkframingvinda: Gengið var frá vegi með um 40 m klæðingu beggja megin við einbreiðar brýr og ristarlíð.

Verktakar: Verkið unnið í umsjá Vegagerðarinnar, Borgarverk ehf., Borgarnesi sá um útlögn klæðingar.

Kostnaður	m.kr.
2016	6

**939 Axarvegur
02 um Selá í Berufirði**

Umfang verks: Stórt ræsi sett í veg í stað einbreiðrar brúar yfir Selá

Framkvæmdaform: Samningsverk.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	6
Smábrýr	6

Verkframingvinda: Á árinu 2016 var fjarlægð einbreið brú á Selá í Berufirði og stórt ræsi sett í staðinn.

Verktakar: Verkið unnið í umsjá Vegagerðarinnar.

Kostnaður	m.kr.
2016	6

**954 Helgustaðavegur
01 Lambeyrarbraut – Mjóeyri**

Umfang verks: Lögn bundins slittlags á hluta Helgustaðavegar utan Lambeyrarbrautar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2016	2
Tengivegir	2

Verkframingvinda: Framkvæmdum var frestað.

**9739 Dilksnesvegur
01 Hafnarvegur – Dilksnes**

Umfang verks: Endurbýgging Dilksnesvegur með bundnu slitlagi á 1 km löngum kafla frá Hafnarvegi að Dilksnesi.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	30
Vegáætlun 2016	5
Tengivegir	5
Samtals	36

Verkframingvinda: Á árinu 2014 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í apríl 2015 og lauk verkinu á árinu. Kostnaður á árinu 2016 er vegna lokauppgjörs við verktaka.

Verktaki: Rósaberg ehf., Hornafirði.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	30
2016	5
Samtals	36

Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Austursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjármögnun fyrir 2016	165
Vegáætlun 2016	10
Samtals	175

Verkefni:	Ár:	kostnaður í m.kr.														Samtals
		2005	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16			
Hringvegur 1-t3 um Lagarfljót		0	1	1	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	5
Hringvegur 1-t7 um Egilsstaði		0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Hringvegur 1-t7, Skriðdalsvegur – Axarvegur		0	0	0	1	0	0	2	1	3	0	0	0	0	7	
Hringvegur 1-U6, Urðarteigsvegur – Djúpavogsvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	
Hringvegur 1-v3 um Lónssveit		0	0	0	0	7	0	2	0	0	0	0	0	0	9	
Hringvegur 1-x4 um Jökulsá		0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	0	2	
Hringvegur 1-X6, Kvía – Mýri (bær)		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Hringvegur 1-X7, Mýri (bær) – Kotá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Hringvegur 1-x8 til x9 um Öræfi		0	0	0	0	2	1	2	0	0	0	0	0	0	5	
Norðausturvegur 85-33, Miðfjarðará – Hafnarvegur		0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	2	
Norðfjarðarvegur 92-04, Neðstabrú – Suðurfjarðarvegur		0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
Borgarfjarðarvegur 94-03, Eiðar – Steinsvaðsvegur		0	0	0	0	3	1	1	0	0	0	0	0	0	5	
Borgarfjarðarvegur 94-08, Njarðvík – Borgarfjörður		0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0	0	2	
Suðurfjarðavegur 96-02, Norðfjarðarvegur – Þórdalsheiðarvegur		0	0	0	0	0	1	3	1	0	0	0	0	0	5	
Suðurfjarðavegur 96-07, Vattarnesvegur – Vík		0	0	1	0	2	2	2	0	1	0	0	0	6	14	
Austurleið 910-09, Aðalból – Snæfellsleið		0	0	0	0	0	7	4	2	3	0	0	0	0	16	
Hlíðarvegur 917-01, Hringvegur – Hallgeirsstaðavegur		0	0	0	1	2	1	0	0	0	0	0	0	0	4	
Jökuldalsvegur 923-01, Hringvegur – Hákonarstaðir		0	0	0	1	3	1	0	0	0	0	0	0	0	5	
Axarvegur 939-01, Hringvegur – Ódáðavatsvegur		0	2	2	20	32	15	8	4	3	0	0	0	0	86	
Helgustaðavegur 954-02, Mjóeyri – Stóra Breiðavík		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	2	3		
Samtals		0	4	5	25	53	31	25	9	11	0	2	10	175		



Axarvegur (939), Unnið hefur verið að undirbúningi nýs vegar um Öxi.



Strætó í Bakkaselsbrekku, 1. febrúar 2016.

Sameiginleg verkefni

Samgönguransóknir

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	20

Verkframingvinda: Unnið var m.a. að verkefnum varðandi skemmdir á hafnarmannvirkjum, umhverfisáhrif samgönguáætlunar, og hjólaferni.

Kostnaður	m.kr.
2015	16

Skipulag sveitarfélaga

Vinna Vegagerðarinnar við að fylgjast með og gera athugasemdir við breytingar á skipulagi sveitarfélaga með tilliti til framtíðarskipulags vegakerfisins.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Undirbúningur verka utan áætlunar	29

Kostnaður	m.kr.
Suðursvæði	2
Höfuðborgarsvæði	7
Vestursvæði	1
Norðursvæði	11
Austursvæði	2
Samtals	23

Auk þess var kostnaður að upphæð 6 m.kr. vegna endurmælinga á grunnstöðvaneti í samvinnu við Landmælingar Íslands greiddur af þessum lið.

Orkuskipti í skipum

Umfang verks: Styrkveitingar til orkuskipta í skipum eða samgöngum.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárukalög og millifærslur 2013	5
Flutt af höfuðstól Siglingastofnunar 2013	24
Samtals	29

Verkframingvinda: Fjórum fyrirtækjum var úthlutað styrkjum til verkefna sem féllu að áhersluatriðum úthlutunarnefndar. Þau fyrirtæki sem fengu styrki voru Véltak ehf., Hafnarfirði, vegna verkefnisins „Hreinsibúnaður fyrir smurolíugufur í vélarrúmum skipa“, Varðeldur ehf., Kópavogi, vegna verkefnisins „Eldsneytisframleiðsla með hitasundrun og vetnun“, GPO ehf., Akureyri vegna verkefnisins „Plast í olíu“ og Norðursigling ehf., Húsavík, vegna verkefnisins „Rafbátur (Ópal), notkun á endurnýjanlegri orku á sjó“. Samtals voru samþykktir styrkir að upphæð 30 m.kr. sem eru greiddir eftir framvindu verkefnanna. Á árinu 2016 var greidd lokagreiðsla til Norðursiglingar og kostnaður vegna mats á árangri verkefna.



Rafvirkjar vitadeildar huga að bauju 21. júní 2016.

Kostnaður	m.kr.
2013	11
2014	9
2015	1
2016	5
Samtals	26

Vitabyggingar

Umfang verks: Stofnkostnaður vita og leiðsögukerfa.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárukalög og millifærslur 2013	14
Flutt af höfuðstól Siglingastofnunar 2013	25
Vegáætlun 2014	
Framlag til vitabygginga	29
Vegáætlun 2015	
Framlag til vitabygginga	29
Vegáætlun 2016	
Framlag til vitabygginga	28
Samtals	125

Verkframingvinda: Á árinu 2013 var greidd uppfærsla á AIS (Automatic Identification System) búnaði. Á árinu 2014 var fjárveitingu varið til endurnýjunar ljósdufla. Á árinu 2016 var fjárveitingu varið til endurnýjunar ljós- og ölduduflla.

Kostnaður	m.kr.
2013	1
2014	14
2016	5
Samtals	20

Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2016

Hafnarframkvæmdir

Í þessu skjali er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2016 á hverjum stað fyrir sig og fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–III. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja. Í töflu I koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2016. Til samanburðar eru tölur fyrri ára:

Tafla I. Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir.

	2013 m.kr.	2014 m.kr.	2015 m.kr.	2016 m.kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.133,7	594,8	1.256,4	2.030,1
þar af Landeyjahöfn	438,2	326,3	719,3	551,4
þar af Húsavíkurhöfn	0	0	0	461,4
Ferjubryggjur	0,1	13,2	9,2	3,0
Lendingabætur	0	0	0	0
Tjónastyrkir	3,4	42,4	0,1	18,5
Samtals	1.137,2	650,4	1.265,7	2051,6

Ríkisstyrktar

hafnarframkvæmdir

Snæfellsbær

Rif: Boðið var út stálpilsfni fyrir endurbýggingu á Norðurkanti. Útvega átti um 200 m af stálpili ásamt öllum stögum og festingum. Útboðið var hluti af stærra útboði þar sem óskað var eftir stálpilsfni fyrir Grindavík og Rifshöfn. Gengið var til samninga við Guðmund

Arason ehf. um útvegum á stálpilsfnum. Endurbýgging á stálpilsbakka Norðurgarðs var boðin út í júlí 2016, þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Hagtak hf. sem bauð 137.250.000 kr. í verkið sem er 20% undir kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið fellst í að reka 133 stálpilsplötur framan

við gamla þilið, ganga frá stagbita og stögum og steypa 207 m langan kant með pollum, stigum og þybbum. Vinna við verkið hófst í október 2016 og var því ekki lokið um áramótin. Framkvæmdakostnaður: 113,1 m.kr.

Dalabyggð

Skarðsstöð: Boðin var út í október 2016 grjótvörn á skjólgarð Skarðsbryggju og dýpkun í höfninni. Eitt tilboð barst í verkið og var það 85% af kostnaðaráætlun hönnuða. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda Urð og grjót ehf. sem bauð 14,0 m.kr. í verkið. Vinna hófst í nóvember 2016 og var því ekki lokið um áramótin. Framkvæmdakostnaður: 20,2 m.kr.

Vesturbýggð

Brjánslækur: Boðin var út í júní 2016 vinna við dýpkun á Brjánslæk fyrir nýja Baldur. Talið var nauðsynlegt að dýpka fyrir nýja skipið þar sem það er stærra og djúpristara en gamli Baldur. Dýpkað var í -5,0 m. og voru fjarlægðir um 10.000 m³ af dýpkunarefnum. Tvö tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda Björgun ehf. sem bauð 15,6 m.kr. í verkið sem er 88% af kostnaðaráætlun. Verkið var unnið í ágúst 2016. Framkvæmdakostnaður: 21,7 m.kr.

Patreksfjörður: Boðin var út í september styrking grjótvornar við Oddann. Fjögur tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda Allt í járnum ehf. um verkið. Tilboðsupphæðin var 18,7 m.kr. sem er 97% af kostnaðaráætlun. Verkið fellst í að styrkja grjótvörn við Oddann á 120 m kafla og styrkingu á grjótvörn við smábáthöfn á 155 m kafla. Vinna hófst í október 2016 og var því ekki lokið um áramótin.

Dýpið í innsiglingarennu við stálpilsbakkann á Patreksfirði var orðið of lítið og reyndist nauðsynlegt að fara í dýpkun. Þar sem Björgun ehf. var að



Rif í Snæfellsbæ, efni í stálpil bíður uppskipunar 3. júní 2016.



Skarðsstöð í Dalabyggð, grjótnám við höfn, 18. nóvember 2016.

vinna við dýpkun í sveitarfélaginu var tækifærið notað og samið við þá um dýpkun á sömu einingarverðum og á Brjánslæk. Verkið var unnið í ágúst 2016. Fjarlægðir voru um 1.200 m³ af dýpkunarefnum. Verkið verður gert upp 2017.

Framkvæmdakostnaður: 21,0 m.kr.

Ísafjörður

Ísafjörður: Samið var við Verkís um hönnun á stuðpúða fyrir Ísafjarðarhöfn. Þilefni var boðið út. Vinna við útboðsgögn hófst.

Framkvæmdakostnaður: 1,3 m.kr.

Suðureyri: Uppgjör vegna endurbyggingar þekju og lagna á Löndunarbryggju á Suðureyri.

Framkvæmdakostnaður 2015 en uppgert 2016: 39,9 m.kr.

Súðavík

Vigur: Samið var við ábúandann á Vigri um lagfæringu á bryggjunni í eygni.

Verkið fólst í lagfæringu á dekki og skipt var um baulur. Verkið var unnið í apríl 2016.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 m.kr.

Norðurfjörður

Króli ehf. lauk við uppsetningu og frágang á flotbryggjum sem boðnar voru út árið 2015.

Tígur ehf. lauk vinnu við dýpkun í höfninni og lengingu á brimvarnargarði við Gömlu bryggju.

Keypt var garðsendaljós.

Framkvæmdakostnaður: 33,1 m.kr.

Skagatrönd

Unnið var að undirbúningi að endurbyggingu Ásgarðs og undirbúningi að byggingu smábátahafnar.

Framkvæmdakostnaður: 1,0 m.kr.

Skagafjörður

Sauðárkrókur: Boðin var út gerð skjól-



Siglufjörður í Fjallabyggð, endurbygging Bæjarbryggju 18. maí 2016.

garðs utan um smábátahöfnina innan við Suðurgarð. Heildarlengd garðs er um 140 m. Þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Vélaþjónustu Messuholts ehf. um verkið. Samningsupphæð var 24,98 m.kr. sem er um 76% af kostnaðaráætlun. Verktaki hóf vinnu við verkið í janúar og var því að fullu lokið í maí 2016.

Framkvæmdakostnaður: 20,7 m.kr.

Fjallabyggð

Siglufjörður: Ísar ehf. hóf vinnu við endurbyggingu á Bæjarbryggju í febrúar 2016 en það var boðið út í lok árs 2015. Verkið fólst í að reka niður 162 stálþilspötur framman við gamla þilið, ganga frá stagbitum og stögum, steypa 227 m lang-

an kant með pollum, stigum og pybbum. Verkinu var lokið í enda júlí 2016. Boðin var út dýpkun framman við Bæjarbryggju í maí 2016. Dýpkað var allt laust efni, sandur og silti niður að -9,0 m dýpi fyrir framman Bæjarbryggju og í inn-siglingunni. Magn dýpkunarefna var alls um 80.000 m³. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Jan De Nul group um verkið. Samningsupphæð var 367.700 € sem er 70,2 % af kostnaðaráætlun. Verktaki hóf vinnu við verkið í ágúst 2016 og lauk því í september. Ákveðið var í verkinu að bæta við dýpkun á snúningssvæði sem ekki var styrkhæft. Dýpkað var alls um 100.000 m³ en af því voru 27.000 m³ losaðir í landfyllingu. Afgangurinn var losaður í sjó.

Að lokinni verðkönnun var samið við Sölva Sölvason um lagningu ídráttarlagna og byggingu á veituhúsi ásamt tenglaskápum á Bæjarbryggjunum. Verktakinn hóf vinnu við verkið í ágúst 2016 og var allri vinnu lokið í október. Að lokinni verðkönnun var samið við Tengil ehf. um raforkuvirki Bæjarbryggju. Verktakinn hóf vinnu við verkið í september og var allri vinnu lokið í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 432,3 m.kr

Dalvíkurbyggð

Dalvík: Unnið var að undirbúningi að útboði Hafskipabryggju á Dalvík. Framkvæmdakostnaður: 1,2 m.kr.

Hafnasamlag Norðurlands

Akureyri: Boðinn var út dráttarbátur fyrir Hafnasamlag Norðurlands. Dráttarbáturinn er um 22 metra langur og 9 m breiður með dráttargetu upp á 40 tonn.

Framkvæmdakostnaður: 3,4 m.kr.



Norðurfjörður, brimvarnargarður lengdur 4. maí 2016.

Tafla II. Kostnaður við hafnarframkvæmdir.

	Styrk- hlutfall %	Heildar- kostnaður m.kr.	Styrk- hæft m.kr.	Ríkis- hluti m.kr.
Almennar hafnir				
I. Innan grunnnets				
Viðhaldsdýpkanir og skjólgarðar Viðhaldsdýpkun Þórshöfn	85%	1,2	0,9	0,8
Snæfellsbær Rif, endurbygging Norðurkants	75%	113,1	91,2	68,4
Vesturbyggð Brjánslækur, dýpkun við ferjubryggju	60%	21,7	17,5	10,5
Ísafjarðarbær Ísafjörður, stuðpúði á Mávagarði	60%	1,3	1,1	0,6
Skagatrönd Endurbygging Ásgarðs	75%	1,0	0,8	0,6
Skagafjörður Sauðárkrókur, varnargarður við nýja smábátahöfn	60%	20,7	16,7	10,0
Fjallabyggð Siglufjörður, endurnýjun Hafnarbryggju	75%	369,4	297,9	223,5
	60%	62,9	50,8	30,5
Dalvíkurbyggð Dalvík, Hafskipabryggja stálþil	60%	1,2	1,0	0,6
Hafnasamlag Norðurlands Akureyri, hafnsögubátur	60%	3,4	2,7	1,7
Djúpvogur Flotbryggja, landgangur	60%	0,4	0,3	0,2
Hornafjörður Viðhaldsdýpkun	85%	36,2	29,2	24,8
	100%	3,7	3,0	3,0
Þorlákshöfn Undirbúningsvinna að stækkun Þorlákshafnar	60%	6,6	5,3	3,2
	60%	84,3	68,0	40,8
Grindavík Endurbygging Miðgarðs	75%	118,5	95,5	71,6
Sandgerði Endurnýjun Suðurbryggju	75%	0,9	0,7	0,5
Alls innan grunnnets		846,6	682,7	491,3
II. Utan grunnnets				
Viðhaldsdýpkanir og skjólgarðar Kópasker dýpkun	60%	19,2	15,5	9,3
Dalabyggð Skarðsstöð endurbygging	75%	20,2	16,3	12,2
Vesturbyggð Patreksfjörður, grjótvörn við Oddann	85%	21,0	16,9	14,4
Ísafjarðarbær Suðureyri, endurbygging stálþils	60%	39,9	32,2	19,3
Norðurfjörður Garðsendaljós	90%	0,5	0,4	0,4
	75%	5,8	4,7	3,5
	75%	26,9	21,7	16,3
Alls utan grunnnets		133,5	107,7	75,4
Alls fjárlagaliður		980,1	790,4	566,7
Landeyjahöfn Ferjuhöfn	100%	551,4	551,4	551,4
Húsavíkurhöfn Stóriðjuhöfn á Húsavík	100%	461,4	372,1	372,1
Dýpkun við Höfn Dýpkun fyrir utan innsiglingu við Höfn í Hornafirði	100%	37,2	30,0	30,0
Ferjubryggjur Ferjubryggjur óskipt	100%	0,0	0,0	0,0
	100%	0,5	0,5	0,5
	100%	0,5	0,5	0,5
	60%	2,0	2,0	1,2
Ferjubryggjur alls		3,0	3,0	2,2
Tjónaviðgerðir Borgarfjörður eystri, endurbygging brimvarnar	90%	15,3	12,2	11,0
	90%	3,2	2,5	2,3
Alls tjónaviðgerðir		18,5	14,7	13,3
Alls hafnarframkvæmdir		2.052	1.680	1.342,2



Húsavík í Norðurþingi, lenging á stálþiltsbakka Bökugarðs 22. september 2016.



Húsavík, unnið við brimvarnargarð 11. ágúst 2016.



Borgarfjörður eystri, endurbygging brimvarnar við Hafnarhólma 14. nóvember 2016.

Norðurþing

Húsavík: Færslu á brimvörn við Bökubakka lauk í september 2016. Verkið er hluti af verkinu Bakkavegur, Bökugarður – Bakki. Brimvörn var færð utar til að auka athafnarými við Bökugarð og til að tengja aðkomuveg frá iðnaðarsvæðinu við Bakka um jarðgöng til hafnarinnar. Kostnaður við færslu brimvarnar er greiddur úr hafnasjóði.

Björgun ehf. lauk vinnu við dýpkun í höfninni í ágúst 2016. Verkið fólst í að fjarlægja laust og fast efni á svæðum við Bökugarð og Norðurgarð. Ákveðið var í verkinu að stækka dýpkunarsvæðin við Norðurgarð að beiðni skipafélaga til að auðvelda aðkomu flutningaskipa að bryggjunni. Í allt voru fjarlægð um 85.906 m³ af dýpkunarefnum.

LNS Saga ehf. lauk vinnu við lengingu á stálþiltsbakka Bökugarðs á árinu. Verkið fólst í að sprengja þilskurð, reka 76 tvöfaldrar stálþiltsplötur, fylla innan við þil og steypa um 106 m langan kantbita með pollum, stigum, kanttré og þybbum. **Kópasker:** Snemma árs kom í ljós að það var aðgrunnt í höfninni á Kópaskeri. Verkið var boðið út snemma árs 2016 og var Hagtak hf. lögstjóðandi. Samið var við Hagtak hf. um að dýpka um 4.000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 19,2 m.kr.

Langanesbyggð

Þórshöfn: Fjarlægðar voru tvær nippur og eitt steypubrot innan hafnar. Samið var við Hagtak hf. þegar hann átti leið um höfnina. Framkvæmdin tók 2 daga. Framkvæmdakostnaður: 1,2 m.kr.

Vopnafjörður

Hagtak hf. lauk vinnu við dýpkun á innsigli og snúningi í Vopnafjarðarhöfn á árinu. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin fái ríkisstyrk fyrr en árin 2017 og 2018.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 m.kr.

Borgarfjörður eystri

Boðin var út vinna við endurbyggingu og styrkingu brimvarnar við Hafnarhólma. Eitt tilboð barst í verkið upp á 11,5 m.kr. sem er 87% af kostnaðaráætlun. Gengið var til samninga við tilboðsgjafann Héraðsverk ehf. Verktaki hóf vinnu við verkið í mars 2016 og var verkið lokið í apríl.

Framkvæmdakostnaður: 15,3 m.kr.

Breiðdalsvík

Í lok árs 2015 skemmdist brimvarnargarðurinn á Breiðdalsvík. Erfiðlega gekk að finna námu til að vinna grjót fyrir verkið og dróst að bjóða það út fram í desember 2016. Lægstjóðandi var ÞS verktakar með 19,5 m.kr. sem er 88% af kostnaðaráætlun.

Framkvæmdakostnaður: 3,2 m.kr.

Djúpivogur

Króli ehf. lauk við uppsetningu og frágang á flotbryggjum sem boðnar voru út árið 2015.

Framkvæmdakostnaður: 0,4 m.kr.

Höfn í Hornafirði

Ekkert var dýpkað í Hornafjarðarhöfn á árinu. Í samningi sem gerður var í fyrra við Dýpkunarfélagið Tröllla ehf. og gildir í fjögur ár er gert ráð fyrir að dælt sé úr höfninni um 50.000 m³ annað hvert ár. Greiðsla fyrir hvert tímabil skiptist síðan niður á tvö ár.

Haldið var áfram rannsóknum á Grynslunum.

Gerð var upp dýpkun á Grynslunum frá 2015. Dýpkað var þá um 30.000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 77,1 m.kr.

Landeyjahöfn

Björgun ehf. vann í upphafi árs að dýpkun skv. samningi sem gilti fram í febrúar 2016. Björgun ehf. dýpkaði um 24.201 m³ á árinu.

Jan De Nul vann á árinu að dýpkun í Landeyjahöfn með dýpkunarskipinu Galilei 2000 samkvæmt samningi sem gerður var við þá og gildir fyrir vordýpkun árin 2015-2017. Unnið var við dýpkun frá 8. febrúar til 7. maí og voru fjarlægðir um 301.493 m³ af dýpkunarefnum.

Snemma árs 2016 var boðin út haustdýpkun árin 2016-18 og var Jan De Nul lögstjóðandi. Um haustið var unnið við dýpkun hafnarinnar til að lengja opnunartíma hennar og voru fjarlægðir um 147.936 m³ úr henni.

Alls fjarlægði Jan De Nul um 349.000 m³ á árinu 2016. Til að flýta fyrir opnun var samið við Suðurverk hf. um að moka út úr höfninni til að flýta opnun og byggja garð til að draga úr því að foksandur bærist í höfnina.

Var bygging garðsins samvinnuverkefni með Landgræðslunni. Áætlað er að Suðurverk hafi fjarlæggt um 40.000 m³.

Alls voru dýpkaðir um 413.000 m³.

Unnið var að líkansrannsóknum af innri

höfn en gerð er betur gerð grein fyrir því rannsóknakaflnum bls. 13-14. Að auki var unnið að rannsóknum í sambandi við að draga úr sandburði og bæta höfnina.

Landgræðsla ríkisins vann eins og fyrri ár að landgræðslu við Landeyjahöfn. Í ár var endursáð í um 3 ha og áburði dreift á svæði næst sjónum austan við höfnina.

Framkvæmdakostnaður: 551,4 m.kr.

Þorlákshöfn

Boðin var út dýpkun í Þorlákshöfn og rif á Norðurvararbryggju. Um er að ræða dýpkun á föstu efni innan hafnar, rif á Norðurvararbryggju og styttingu á brimvarnargarði. Tvö tilboð bárust í verkið.

Samið var við lögstjóðanda Björgun ehf. sem bauð 248.869.834 kr. sem er 78% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verktaki kom á verkstað með dýpkunartækin sín í lok september 2016. Verkinu var ekki lokið um áramótin.

Rannsað var í ölduforriti hvernig unnt væri að bæta Þorlákshöfn með því að stytta garða og dýpka.

Framkvæmdakostnaður: 90,9 m.kr.

Grindavík

Boðið var út stálþilsefni fyrir endurbyggingu á Miðgarði. Útvega átti um 265 m af stálþili ásamt öllum stögum og festingum.

Útboðið var hluti af stærra útboði þar sem óskað var eftir stálþilsefni fyrir Grindavík og Rifshöfn. Gengið var til samninga við Guðmund Arason ehf. um útvegum á stálþilsefni.

Endurbygging á stálþiltsbakka Miðgarðs var boðin út í nóvember 2016, þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lögstjóðanda Hagtak hf. sem bauð 283.625.000 kr. í verkið sem er 71% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verkið fellst í að reka 173 stálþiltsplötur framan við gamla þilið, ganga frá stagbita og stögum og steypa 265 m langan kant með pollum, stigum og þybbum. Einnig á að dýpka 3 m ræmu framan við þilið.

Framkvæmdakostnaður: 118,5 m.kr.

Sandgerði

Hafinn var undirbúningur endurbyggingu Suðurbyggju með hönnun og efnisútboði.

Framkvæmdakostnaður: 0,9 m.kr.

Ferjubryggjur

Flatey: Gerð var úttekt á ástandi ferjubryggjunnar.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 m.kr.

Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða

Tveir brimvarnargarðar skemmdust í aftakaveðri sem varð um júlín 2015. Það var garðurinn á Borgarfirði eystri og á Breiðdalsvík. Viðgerð er lokið á garðinum á Borgarfirði eystri en unnið verður að viðgerð á Breiðdalsvík 2017.

Sjóvarnargarðar

Reykholahreppur

Byrjað var á undirbúningi að gerð sjóvarnar í Flatey.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 m.kr.

Skagaströnd

Boðin var út sjóvörn í sveitarfélaginu Skagaströnd, við Réttarholt, alls um 190 m. Verkið var boðið út ásamt sjóvörnum í Skagabyggð í desember 2016.

Samið var við lögstjóðanda, Vélapjónustuna Messuholti ehf. Verkið var ekki hafið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 1,4 m.kr.

Skagabyggð

Boðin voru út tvö verk í sveitarfélaginu Skagabyggð, við Víkur og Kálfshamarsvík, alls um 280 m.

Verkin voru boðin út ásamt sjóvörn á Skagaströnd í desember 2016. Samið var við lögstjóðanda, Vélapjónustuna Messuholti ehf. Verkið er ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 1,4 m.kr.

Skagafjörður

Unnið var við sjóvarnir í sveitarfélaginu Skagafirði, við Grettislaug og við Hraun í



Landeyjahöfn 1. apríl 2016.

Fljótum, alls um 90 m. Verkin voru boðin út í desember 2015. Vélaþjónustan Messuholti ehf. vann verkið. Verkinu lauk í janúar 2017.

Framkvæmdakostnaður: 6,7 m.kr.

Fjallabyggð

Unnið var við sjóvörn á Siglunesi. Framkvæmdakostnaður: 0,7 m.kr.

Dalvíkurbyggð

Unnið var við sjóvarnir í sveitarfélaginu Dalvíkurbyggð, við Hauganes og við Brimnes á Árskógssandi, alls um 160 m. Verkin voru boðin út í september 2015. Norðurtak ehf. vann verkið. Verkinu lauk í maí 2016.

Framkvæmdakostnaður: 19,2 m.kr.

Borgarfjarðarhreppur

Boðin var út sjóvörn í Borgarfirði eystri, við Merki í átt að Sæbakka, alls um 210 m. Verkið var boðið út í mars 2016. Ylur ehf. vann verkið. Verkinu lauk í maí 2016.

Framkvæmdakostnaður: 14,0 m.kr.

Seyðisfjörður

Boðin var út sjóvörn við Sunnuver á Seyðisfirði, alls um 190 m. Verkið var boðið út ásamt öryggisaðgerðum á Seyðisfjarðarvegi í júlí 2016.

Héraðsverk ehf. vann verkið. Verkinu lauk í febrúar 2017.

Framkvæmdakostnaður: 5,5 m.kr.

Fjarðabyggð

Unnið var við sjóvörn á Mjóeyri við Eskifjörð, alls um 180 m.

Héraðsverk ehf. vann verkið. Verkinu lauk í maí 2016.

Framkvæmdakostnaður: 9,3 m.kr.

Sveitarfélagið Hornafjörður

Unnið var við að endurbæta sjóvörn að innanverðu á Suðurfjöru.

Framkvæmdakostnaður: 3,9 m.kr.

Mýrdalshreppur

Boðin var út viðgerð á eldri sandfangara auk byggingar nýs sandfangara, við Vík í Mýrdal. Verkið var boðið út í október 2016, samið var við lægstbjóðanda Suðurverk hf. Verkið er ekki hafið. Framkvæmdakostnaður: 17,4 m.kr.

Árborg

Unnið var að undirbúningi að sjóvörn við Eyrarbakka.

Framkvæmdakostnaður: 0,7 m.kr.

Sandgerði

Unnið var við þrjú verk í sveitarfélaginu Sandgerði, við Norðurkotstjörn, við Eyktarhólma og við Hrossatjörn, alls

um 455 m. Verkin voru boðin út ásamt sjóvörnum í Garði í desember 2015.

Ellert Skúlason ehf. vann verkið.

Verkinu lauk í janúar 2017.

Framkvæmdakostnaður: 17,4 m.kr.

Garður

Unnið var við þrjú verk í sveitarfélaginu Garði, við golfvöllinn Leiru, við Garðskagavita og við Lambastaðavör, alls um 635 m. Verkin voru boðin út ásamt sjóvörnum í Sandgerði í desember 2015. Ellert Skúlason ehf. vann verkið og lauk því í febrúar 2017. Framkvæmdakostnaður: 15,6 m.kr.

Vogar

Boðin voru út tvö verk í sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd, við Breiðagerðisvík og Marargötu, alls um 250 m. Verkin voru boðin út í desember 2016. Samið var við lægstbjóðanda, Óskaverk ehf. Verkið er ekki hafið. Framkvæmdakostnaður: 1,6 m.kr.

Seltjarnarnes

Vegurinn út að Gróttu var styrktur til að hindra að sjórinn nái í gegn óhindrað. Bærinn útvegaði grjótið í verkið.

Framkvæmdakostnaður: 3,8 m.kr.

Tafla III. Kostnaður við sjóvarnir.

Staður	Heildarkostnaður m.kr.	7/8 Ríkisluti m.kr.
Reykholahreppur	0,3	0,2
Skagabyggð	1,4	1,3
Skagaströnd	1,4	1,2
Skagafjörður	6,7	5,9
Fjallabyggð	0,7	0,6
Dalvíkurbyggð	19,2	16,8
Borgarfjarðarhreppur	14,0	12,2
Seyðisfjörður	5,5	4,8
Fjarðabyggð	9,3	8,2
Hornafjörður svf.	3,9	3,4
Mýrdalshreppur	17,4	15,2
Árborg	0,7	0,6
Sandgerðisbær	17,4	15,2
Gerðarhreppur	15,6	13,7
Vogar	1,6	1,4
Seltjarnarnes	3,8	3,4
Sjóvörn óskipt	0,1	0,1
Samtals	119,0	104,2
Fjárveitingar til sjóvarna 2016		235,7
Ónýttar fjárheimildir frá 2015		101,5
Fluttar fjárheimildir til 2017		233,1



Vík í Mýrdal, sandfangari fyrir viðgerð 10. janúar 2016. Ljósmynd: Þórir N.K.



Garður, brimvörn við golfvöllinn Leiru 17. mars 2016.

Fylgiskjal 4 Vestmannaeyjaferja

Unnið var að lokafrágangi á hönnun á nýrri Vestmannaeyjaferju af norskri verkfræðistofu Polarkonsult, en samið var við þá 2014 og lauk þeirra vinnu um vorið 2016. Í framhaldinu var boðin út smíði á nýrri Vestmannaeyjaferju á Evrópska efnahagssvæðinu. Útboðið var tvíþætt en bjóða mátti annarsvegar í nýsmíði ferju og hins vegar í einkaframkvæmd þar sem boðið var í smíði ferju og rekstur í 12 ár. Tilboð voru opnuð 15. september. Alls bárust 6 tilboð í smíði og rekstur ferju og átti Eimskip Ísland ehf. og Sæferðir ehf. hagstæðasta tilboðið en það hljóðaði upp á rúmar 8,12 milljarða íslenskra króna. Alls bárust 14 tilboð í smíði ferju og átti norska skipasmíðastöðin Fiskerstrand Verft AS hagstæðasta tilboðið sem hljóðaði upp á 21.850.000 evra en þeir féllu frá tilboði vegna reiknimistaka. Sá sem er með næst hagstæðasta tilboðið er pólska skipa-

smíðastöðin CRIST SA sem hljóðaði upp á 26.250.000 evrur. Kostnaðar-áætlun hljóðaði upp á 27.500.000 evrur. Samanburður á einkaframkvæmd og smíði sýndi að smíðin væri hagstæðari. Því var ákveðið að taka tilboði Crist í smíðina og var unnið að því að ganga frá samningum við þá en það náðist ekki að ljúka því fyrir áramótin. Gert er ráð fyrir að ferjan verði tilbúin í júlí 2018. Ferjan er um 69 metra löng, 15,5 metra breið og verður með 2,8 metra djúpristu. Ferjan er með tveimur 1700 kW Azipull skrúfum og með tveimur 600 kW bógskrúfum. Mesti siglingahraði skipsins er áætlaður að verði allt að 15,5 hnútar. Gert er ráð fyrir að ferjan geti flutt allt að 72 fólk bíla og 400 farþega. Á sumrin er gert ráð fyrir að hún geti flutt allt að 550 farþega. Smíðanefnd innanríkisráðuneytisins heldur utan um smíðina en verkefnisstjórn er í höndum Vegagerðarinnar en

J Johannesson APS hefur verið fengin til að vera með umsjón með verkinu. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við smíðina verði 30 milljónir evra fyrir utan hönnunarkostnað. Eftirlits- og undirbúningskostnaður árið 2016 var 48,8 m.kr. og þar af var kostnaður við hönnun hjá Polarkonsult 20,2 m.kr. umsjón og gerð gagna hjá J Johannesson 8,4 m.kr. og Ríkiskaup 9,6 m.kr. Annar kostnaður var alls 11,6 m.kr.

Sjá tölvumynd af ferjunni á bls. 9.

Fylgiskjal 5 Umhverfismál

Umhverfisstjórnun

Yfirstjórn Vegagerðarinnar tók ákvörðun um innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt alþjóðlegum umhverfisstjórnunarstaðli ISO 14001 árið 1997 og var þar með fyrst ríkisstofnana til þess. Hún hefur síðan haft umhverfisstefnu að leiðarljósi og skuldbundið sig til að vinna með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Frá 2015 hefur Vegagerðin unnið að innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri. Grænu skrefin eru fimm og er fimmta skrefið undirbúningur að innleiðingu skipulagðrar umhverfisstjórnunar. Miðstöð Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu hlaut vottun Umhverfisstofnunar fyrir annað græna skrefið á árinu en Vestur- og Norðursvæði fyrir fyrsta skrefið.

Vegagerðin gerði samning við innanríkisráðuneytið í desember 2015 um að vinna að eftirfarandi markmiðum í umhverfismálum á samningstímanum, sem er til ársloka 2020:

- Unnið verður að því að allar starfseiningar nái grænu skrefunum fimm skv. aðferðafræðinni „Græn skref í ríkisrekstri“.
- Endurheimt votlendi sé jafnstórt eða stærra en raskað votlendi miðað við þriggja ára tímabil.
- Lokið verði við skráningu hættulegra efna árið 2016 og dregið verði úr notkun þeirra um 10% á samningstímanum.

Vegagerðin rýnir reglulega breytingar á lögum og reglugerðum sem þarf að hlíta varðandi umhverfismál og verklag er lagað að þeim. Þýðingarmiklir umhverfisþættir Vegagerðarinnar eru þeir sem verða fyrir áhrifum af rekstri hennar og framkvæmdum. Vegagerðin stýrir þessum þýðingarmiklu umhverfisþáttum með verklagsreglum, vinnulýsingum, leiðbeiningum, útboðsgögnum o.fl. Vegagerðin vaktar þá þýðingarmestu (U1-U9) og birtir í grænu bókhaldi í umhverfisskýrslu stofnunarinnar árlega, til að tryggja stöðugar umbætur. Umhverfisþættirnir eru:

- U 1 – Röskun umhverfis
- U 2 – Steinefni og námur
- U 3 – Eldsneyti og olíur
- U 4 – Bik (asfalt)
- U 5 – Eiturefni og hættuleg efni
- U 6 – Spilliefni
- U 7 – Fastur úrgangur
- U 8 – Fráveitur og skólp
- U 9 – Auðlindir jarðar
- U 10 – Umferðarhávaði
- U 11 – Loftmengun frá bílaumferð
- U 12 – Hálkuvarnir og rykbinding
- U 13 – Landgræðsla
- U 14 – Sprengingar
- U 15 – Menningarumhverfi

Grænt bókhald

Grænt bókhald er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um þýðingarmestu umhverfisþættina í rekstrinum. Það gefur upplýsingar

um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega frammistöðu. Vegagerðinni er þó ekki skylt að halda grænt bókhald samkvæmt reglugerð um grænt bókhald.

Umhverfisskýrslan hefur eingöngu verið gefin út á rafrænu formi á heimasíðu Vegagerðarinnar frá 2008 í þeim tilgangi að spara pappír og draga úr myndun úrgangs. Vegagerðin hefur tekið þátt í verkefninu *Vistvæn innkaup* og grænu bókhaldi ríkisstofnana frá upphafi. Á vefsíðu verkefnisins www.vinn.is er birt frammistaða stofnana ríkisins í umhverfismálum. Þar má sjá hvernig Vegagerðin stendur sig í samanburði við aðrar ríkisstofnanir. Slíkur samanburður er reyndar vandasamur þar sem rekstur Vegagerðarinnar er ólíkur rekstri hefðbundinna stofnana, sem flestar eru á höfuðborgarsvæðinu og aðeins með umhverfisþætti sem tengjast skrifstofurekstri.

Árangur í umhverfismálum mælist ekki aðeins í umhverfislegum ávinningi heldur oftast einnig í fjárhagslegum sparnaði til lengri tíma litó.

Fylgiskjal 6 Ársreikningur 2016 *)



Djúpvegur (61) í Seyðisfirði, Fjallið Hestur í baksýn. Efni sett í vegaxlir 15. mars 2016.

Staðfesting ársreiknings

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Starfsemi Vegagerðarinnar breyttist á árinu 2013. Þann 1. júlí varð samruni fjögurra samgöngustofnana þ.e. Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar, Flugmálastjórnar og Umferðarstofu. Niðurstaðan varð sú að myndaðar voru tvær stofnanir. Annars vegar framkvæmdastofnun sem áfram heitir Vegagerðin og stjórnvæðingastofnun sem heitir Samgöngustofa. Frá gömlu Vegagerðinni fóru verkefni eins og umferðareftirlit og leyfisveitingar en til Vegagerðarinnar komu verkefni frá Siglingastofnun sem tengjast höfnum, vitum og sjóvarnargörðum auk umsjónarhlutverks með vaktstöð siglinga. Hafnarframkvæmdir voru fyrir samruna sérstakur fjárlagaliður 06-652 og verða þar áfram enn um sinn en önnur starfsemi fer undir 06-651 Vegagerðina

Ársreikningur Vegagerðarinnar byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður 940,6 m.kr. á árinu 2016. Heildareignir námu 4.815,7 m.kr. í árslok. Heildarskuldur námu 22.169,1 m.kr. og eigið fé neikvætt um 17.353,4 m.kr.

Vegamálastjóri og forstöðumaður fjárreiðudeildar staðfesta hér með ársreikning Vegagerðarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík október 2017
Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.
Hannes Már Sigurðsson,
forstöðumaður.

Rekstrarreikningur árið 2016

Fjárhæðir eru í þús.kr.	Skýring	2016	2015
Rekstrartekjur			
Bensíngjald		7.224.351	7.214.327
Olíugjald		9.226.136	8.312.853
Kilómetragjald		986.654	817.229
Vitagjald		321.082	325.028
Aðrar tekjur		540.414	575.918
Rekstrartekjur samtals		18.577.560	17.255.379
Rekstrargjöld			
Almennur rekstur		1.047.444	996.468
Framkvæmdir	6	9.779.106	8.508.444
Viðhald	7	6.162.790	6.268.273
Þjónusta	8	4.689.074	5.227.952
Styrkir til ferja og sérleyfishafa		988.540	893.593
Styrkir til almenningsamgangna		893.593	916.125
Styrkir til innanlandsflugs		296.595	274.180
Rannsóknir		225.683	203.689
Vita- og hafnamál		132.747	194.850
Rekstrargjöld samtals		24.998.303	24.113.585
Rekstrarhalli		-6.420.743	-6.858.205
Fjármunatekjur			
Fjármunatekjur		22.709	20.206
Tekjuhalli án ríkisframlags			
Framlag ríkisins		-6.398.034	-6.838.000
Framlag ríkisins		7.338.600	6.993.600
Tekjuafgangur ársins			
Tekjuafgangur ársins		940.566	155.600

*) Framsetning á stöku liðum í ársreikningi getur verið á annan máta en hefðbundin framsetning í verkþókhaldi Vegagerðarinnar.

Áritun endurskoðenda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vegagerðarinnar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnenda sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Vegagerðarinnar 31. desember 2016, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháðir Vegagerðinni og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft

áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Könnum hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, október 2017

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi
Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi



Nýr hluti Arnarnesvegur opnaður fyrir umferð 15. nóvember 2016. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogi, Dofri Eysteinnsson Suðurverki hf. og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri fjarlægja lokunarkerki.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Fjárhæðir eru í þús.kr.	Skýring	2016	2015
Eignir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í félögum		10.000	10.000
		10.000	10.000
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		814.550	697.879
Viðskiptamenn		216.952	210.967
Ríkissjóður, viðskiptareikningur		2.819.260	192.008
Aðrar skammtímakröfur		89	189.132
Kröfur á gjaldendur	3	796.768	932.314
Handbært fé		158.085	674.509
Veltufjármunir samtals		4.815.704	2.896.809
Eignir alls		4.815.704	2.906.809
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll	5	1.966.140	-237.962
Bundið eigið fé	5	-19.531.176	-18.267.641
Annað eigið fé	5	211.594	211.594
Eigið fé samtals		-17.353.442	-18.294.009
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður v/markaðra tekna	2	19.837.414	18.775.440
Lánardrottinnar		2.331.732	2.425.378
Skammtímaskuldir samtals		22.169.146	21.200.818
Skuldir samtals		4.815.704	21.200.818
Skuldir og eigið fé alls		4.815.704	2.906.809



Blöndubrú á Blönduósi, viðgerð 30. október 2016.

Sjóðstreymi árið 2016

Fjárhæðir eru í þús.kr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuhagnaður/halli samkvæmt rekstrarreikningi	940.567	155.600
Veltufé frá rekstri	940.567	155.600
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</i>		
Birgðir (hækkun), lækkun	-116.671	37.828
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	318.605	-263.186
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun)	968.328	1.240.226
	1.170.262	1.014.868
Handbært fé frá rekstri	2.110.829	1.170.468
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-7.338.600	-6.993.600
Skil markaðra tekna skv. fjárlögum	-19.231.430	-17.645.579
Greitt úr ríkissjóði	23.942.777	24.007.955
Fjármögnunarhreyfingar	-2.627.253	-631.224
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-516.424	539.244
Handbært fé á ársbyrjun	674.509	135.265
Handbært fé í árslok	158.085	674.509

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Vegagerðarinnar er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup en ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins er ársreikningurinn að öðru leyti gerður í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á þá er Vegagerðin undanþegin skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skráning tekna

Tekjur eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld sem tilheyra rekstrarárinu færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Verðtrygging

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2017.

Eignarhlutir í félögum, langtímakröfur

Eignarhlutir í félögum og langtímakröfur eru færðar á nafnverði.

Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar til eignar á síðasta innkaupsverði

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar innstæður á bankareikningum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding Vegagerðarinnar vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hennar hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

Fjárheimildir, rekstur

Í fjárlögum og fjárukalögum er sýndur jöfnuður í rekstri Vegagerðarinnar með því að flokka með tekjum viðskipta-hreyfingu (lán frá ríkissjóði) að fjárhæð 1.289,6 m.kr.

Fjárhæðir eru í þús.kr.	Fjárlög / fjárukalög	Reikningur	Frávik
Markaðar tekjur	17.975.000	18.037.146	-62.146
Ýmsar tekjur	394.800	563.123	-168.323
	18.369.800	18.600.269	-230.469
Umdæmi almennur rekstur	920.200	1.047.444	-127.244
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.520.800	1.676.324	-155.524
Styrkir til almenningssamgangna	988.400	988.540	-140
Styrkir til innanlandsflugs	306.400	296.595	9.805
Rannsóknir	226.900	225.683	1.217
Þjónusta	5.857.500	4.689.074	1.168.426
Viðhald	6.073.000	6.162.790	-89.790
Framkvæmdir	10.328.500	9.779.106	549.344
Vita- og hafnamál	776.300	132.747	643.553
Gjöld samtals	26.998.000	24.998.303	1.999.697
Tekjur umfram gjöld	-8.628.200	-6.398.034	-2.230.166
Framlag ríkisins	7.338.600	7.338.600	0
Tekjuhalli/hagnaður	-1.289.600	940.566	-2.230.166
Viðskiptahreyfing	1.289.600	0	1.289.600
	0	940.566	-940.566



Arnamesvegur (411), kantsteinn steypur 26. ágúst 2016.



Djúpvegur (61) í Lágadal, vegmálning 23. ágúst 2016.

2. Ríkissjóður vegna markaðra tekna

Í ársbyrjun var skuld við ríkissjóð vegna markaðra tekna 18.775,4 m.kr. Markaðar tekjur innheimtar á árinu námu 17.842,6 m.kr. Skil markaðra tekna samkvæmt fjárlögum námu 18.904,6 m.kr. Í árslok er skuld við ríkissjóð vegna markaðra tekna 19.837,4 m.kr.

Fjárhæðir eru í þús.kr.	
Staða í ársbyrjun	-18.775.440
Markaðar tekjur innheimtar 2016	17.842.626
Skil markaðra tekna til Vegagerðarinnar skv. fjárlögum	-18.904.600
Staða í árslok	-19.837.414

3. Kröfur á gjaldendur

Kröfur á gjaldendur kílómetragjalds, olíugjalds og þungaskatts námu 796,8 m.kr. í árslok. Í ársbyrjun voru kröfur samtals 932,3 m.kr. Hreyfingar á árinu greinast eftirfarandi:

Fjárhæðir eru í þús.kr.	2016
Kröfur á gjaldendur í ársbyrjun	932.314
Álagning markaðra tekna	17.716.064
Afskriftir	-8.984
	18.639.394
Innheimta markaðra tekna	-17.842.626
Kröfur á gjaldendur í árslok	796.768

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Fjárhæðir eru í þús.kr.	2016	2015
Laun	2.577.070	2.385.729
Launatengd gjöld	586.922	565.612
	3.163.992	2.951.341

Laun og launatengd gjöld hækka um 212,7 m.kr. frá fyrra ári eða um 7,2%.

5. Eigið fé

Höfuðstóll í ársbyrjun var neikvæður um 238,0 m.kr. Hagnaður ársins nam 940,6 m.kr. Höfuðstóll í árslok nam 1.966,1 m.kr. Neikvætt bundið eigið fé er 19.531,2 m.kr. í árslok.

Fjárhæðir eru í þús.kr.	Höfuðstóll	Bundið eigið fé	Stofnkostnaður	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	-237.962	-18.267.640	211.594	-18.294.008
Hagnaður ársins	940.566			940.566
Uppgjör markaðra tekna	1.263.536	-1.263.536		0
Eigið fé í árslok	1.966.140	-19.531.176	211.594	-17.353.442

6. Framkvæmdir

Framkvæmdir námu 9.889,2 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 8.508,4 m.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir hækka um 1.380,8 m.kr. milli ára eða um 16,2%. Framkvæmdir 2016 skiptast þannig eftir verkefnum í stórum dráttum:

Fjárhæðir eru í þús.kr.	2016	2015
Norðfjarðargöng 92-10	2.279.000	
Jarðgöng og vegur að Bakka	1.748.217	
Arnarnesvegur 411-05	961.838	
Strandavegur um Bjarnarfjörð	360.810	
Kjósarskarðsvegur 48-02	297.154	
Hringvegur 1-YO um Morsá	293.533	
Dettifossvegur 862-02	256.481	
Laxárdalsvegur 59-011	229.976	
Dettifossvegur 862-03 áfangi 2	217.797	
Kaldadalsvegur 550-02	209.903	
Uxahryggjavegur 52-02	192.120	
Örlygshafnarvegur 612-01	148.925	
Landvegur 26-04-01	121.892	
Svínvetningabraut 731-03	106.884	
Sjóvarnargarðar stofnkostnaður	104.150	
Dýrafjarðargöng 60-39	98.443	
Annað	2.262.100	
Samtals	9.889.223	8.508.444

7. Viðhald

Viðhald vega nam 6.162,7 m.kr. á árinu 2016 en var 6.268,3 m.kr. á árinu 2015. Viðhald vega lækkar um 105,6 m.kr. milli ára eða um 1,7%.

Fjárhæðir eru í þús.kr.	2016	2015
Viðhald bundinna slitlaga	2.886.270	3.063.862
Styrkingar og endurbætur	803.733	988.730
Viðhald malarvega	1.015.738	839.036
Viðhald brúa	452.829	396.767
Umferðaröryggi	339.726	345.641
Annað	664.363	634.237
Samtals	6.162.659	6.268.273

8. Þjónusta

Þjónusta við vegi nam 4.595,4 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 5.228,0 m.kr. á fyrra ári. Þjónusta samtals lækkar um 632,6 m.kr. milli ára eða um 12,1%.

Fjárhæðir eru í þús.kr.	2016	2015
Vetrarþjónusta	2.696.808	3.193.435
Vegmerkingar og vegbúnaður	1.186.475	1.132.365
Önnur þjónusta	712.116	902.152
Samtals	4.595.399	5.227.952

Framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar 2016



Framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar komin saman 5. desember 2016.

Aftari röð frá vinstri:



- Magnús Valur Jóhannsson framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs,
 - Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs,
 - Hreinn Haraldsson forstjóri (vegamálastjóri),
 - Stefán Erlendsson framkvæmdastjóri stoðsviðs,
 - Sigurður Áss Grétarsson framkvæmdastjóri siglingasviðs.
- Sitjandi: Ingvi Árnason svæðisstjóri Vestursvæðis, Gunnar H. Guðmundsson svæðisstjóri Norðursvæðis, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri Austursvæðis, Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis.



Eyjafljóðarleið (F821), ræsi endurnýjað 29. júní 2016.

Myndir á baksíðu

- 1.1 Arnarnesvegur (411), 12. febrúar 2016.
- 1.2 Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga styrkir brúna yfir Skjálfafljótið á Norðausturvegi (85) 27. júní 2016.
- 2.1 Langanesviti í Arnarfirði, viðhaldsvinna 12. júlí 2016.
- 2.2 Hringvegur (1), Suðurlandsvegur, lokaður vegna illviðris 4. febrúar 2016.



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2016

Vegagerðin, desember 2017